



# Samkenndsla stað- og fjarnema í grunnnámi í Kennaradeild við Menntavísindasvið Háskóla Íslands 2010–2011

Þuríður Jóhannsdóttir  
Sólveig Jakobsdóttir

Reykjavík, maí 2012



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM)

Samkenndsla stað- og fjarnema í grunnnámi í Kennaradeild við Menntavísindasvið Háskóla Íslands 2010–2011

Rannsóknarstofa í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM)  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands

ISBN: 978-9935-406-12-5

© 2012 Þuríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir

## Ágrip

Í kjölfar hruns bankakerfisins á Íslandi varð mikill niðurskurður á fjárframlögum til Háskóla Íslands. Við Menntavísindasvið (MVS), þar sem lengi hafði verið venja að fjarnemum og staðnemum væri kennt í aðskildum námskeiðum í grunnnámi, var m.a. brugðist við með því að setja þá meginreglu að öll námskeið skyldu skipulögð í samkenndu þannig að fjarnemum og staðnemum væri kennt saman. Skólaárið 2010–2011 voru því flest námskeið samkennd.

Á vormisseri árið 2011 var gerð rannsókn á þessu fyrirkomulagi í grunnnámi í Kennaradeild. Markmiðið var að afla upplýsinga um reynslu kennara og nemenda, mat þeirra á gæðum samkenndu miðað við kennslu í aðskildum hópum og um viðhorf til samkennsluformsins. Í skýrslunni eru kynntar niðurstöður úr rannsókninni og á grundvelli þeirra settar fram tillögur um aðgerðir til að styðja við þróun kennslu við MVS. Gögnum var annars vegar safnað með spurningarlistum á neti meðal nema (N=69) og kennara (N=45) og hins vegar með viðtölum við 22 nema og 9 kennara í átta grunnnámskeiðum af 48 sem voru samkennd í Kennaradeild á haustmisseri 2010.

Töluverður munur er á þeim hópum sem kjósa að stunda fjarnám að mestu, vera ýmist í stað- eða fjarnámi eða stunda staðnám að mestu. Fjarnemar eru að staðaldri eldri, búa frekar fjarri höfuðborginni (eða jafnvel erlendis) og eru að meðaltali í hæsta starfshlutfalli með námi af hópunum þremur. Samkennslulíkaníð byggir á reglubundinni kennslu í hverri viku fyrir staðnema og staðlotum yfirleitt tvisvar á misseri þar sem fjarnemar eiga að mæta en misjafnt er hvort staðnemum er líka ætlað að taka þátt í þeim lotum. Meiri ánægja var með reglubundnu kennslustundirnar bæði hjá nemendum og kennurum heldur en staðloturnar. Vandamál tengd staðlotunum snertu stundatöflugerð, árekstra milli námskeiða, kostnað, slæma nýtingu á tíma og skipulagsleysi. Bent var á að nýta þyrfti tæknina betur til að gefa kost á mætingu í gegnum fjarfundabúnað eða netfundi. Staðlotur voru þó taldar mikilvægar m.a. til að byggja upp tengslanet, vegna samvinnu og verklegrar kennslu og fram kemur að meirihluti bæði nemenda og kennara vilja hafa staðlotur með svipuðu fyrirkomulagi og verið hefur. Í samkennsluforminu er almennt stuðst við námsumsjónarkerfi á netinu en einnig voru ýmsir aðrir tæknimöguleikar nýttir. Upptökur voru mjög mikið nýttar í kennslu og var mikil ánægja með talglærur og skjáupptökur svo og fyrirlestra en langminnst með upptökur úr bekkjartímum. Kennarar töldu það vera misjafnt eftir greinum og námskeiðum hversu margar staðbundnar kennslustundir þyrfti. Nemar og kennarar lýstu áhyggjum yfir fækkun kennslustunda sem komi sérstaklega niður á list- og verkgreinum. Kennurum fannst lítil virkni fjarnema mikið áhyggjuefni og fannst vera aukið álag að sinna báðum hópunum í samkennsluforminu. Sumum fannst mikilvægara að sinna staðnemum en fjarnemum.

Í samkennslu staðnema og fjarnema er mikilvægt að átta sig á að kennaranemarnir í hverju námskeiði eru í ólíkri stöðu en MVS hefur skuldbundið sig til að veita menntun bæði þeim sem hafa valið sér fjarnámsform og þeim sem hafa valið sér staðnámsform. Skólaárið 2010–2011 varð yfir 5000 tíma samdráttur í vinnustundafjölda vegna samkennslu en bæði kennarar og nemar lýstu fleiri ókostum en kostum á samkennslunni miðað við kennslu í aðskildum hópum. Margir fjarnemar töldu að þeim væri verr sinnt í samkennsluforminu og staðnemar höfðu áhyggjur af því að tímum í staðnámi fækkaði. Þrátt fyrir allt töldu bæði kennarar og nemendur sem þátt tóku í rannsókninni að þróa beri samkennslu áfram en þá með allnokkrum breytingum.

## Efnisyfirlit

### Ágrip

1	Inngangur .....	1
2	Tillögur og umhugsunarefni .....	3
2.1	Hugtök um námið .....	3
2.2	Skipulag kennslu.....	4
2.3	Nýting tækni og gæði náms .....	5
2.4	Námsmat .....	6
2.5	Bakgrunnur nemenda og aðstæður .....	7
2.6	Togstreita milli nemendahópa .....	7
3	Bakgrunnur .....	8
4	Aðferð .....	10
4.1	Þátttakendur og gögn .....	10
4.1.1	Viðtöl við kennara og nemendur í 8 námskeiðum .....	10
4.1.2	Spurningakönnun .....	10
4.1.3	Spurningalistar og viðtöl .....	12
4.2	Framkvæmd og gagnaúrvinnsla.....	13
5	Niðurstöður .....	14
5.1	Samkennslan í framkvæmd – skipulag staðkennslu .....	14
5.1.1	Staðlotur og reglubundin kennsla, mat og samanburður .....	14
5.1.2	Staðlotur, skipulag, mæting og samkennsla .....	16
5.1.3	Staðkennsla - reglubundin kennsla.....	20
5.2	Notkun tækni .....	25
5.2.1	Upptökur.....	25
5.2.2	Vefumræður .....	28
5.2.3	Rauntímasamskipti á neti .....	29
5.2.4	Aðrir tæknimöguleikar .....	30
5.3	Hversu mikla reynslu hafa nemendur og kennarar af samkennslu? .....	31
5.4	Gæði samkennslu í samanburði við kennslu í aðskildum námskeiðum .....	32
5.5	Kostir og gallar við samkennslu .....	33
5.6	Námsgreinar og stærð námskeiða.....	39
5.7	Sparnaður við samkennslu og áframhaldandi þróun .....	41
5.7.1	Sparnaður .....	41
5.7.2	Þróun .....	42
6	Samantekt og umræða.....	45
	Heimildir .....	52

## Myndir

Mynd 1. Hlutföll í hópi svarenda (nemahópi) og þýðis með tilliti til kyns, tegundar náms, námsárs og kennsluforms. (Fjöldi svarenda = 69, fjöldi í þýði = 740). .....	11
Mynd 2. Viðhorf nema og kennara gagnvart staðlotum og reglubundnum kennslustundum. .	15
Mynd 3. Samanburður á gæðum staðlotna og reglubundinna kennslustunda þegar kennt er í aðskildum hópum eða í samkennslu.....	15
Mynd 4. Viðhorf nema og kennara til skipulags staðlotna (dagafjölda í námskeiði á misseri). .....	17
Mynd 5. Viðhorf nema og kennara til skipulags staðlotna (hversu oft á að hittast). .....	17
Mynd 6. Svör nema og kennara við spurningu um kennslustundafjölda samtals í staðkennslu á einu misseri: Hvað finnst þér að hann eigi að vera mikill á einu námskeiði að staðaldri á viku (ein kennslustund = 40 mín.)? .....	20
Mynd 7. Svör nema og kennara við spurningunni: Hvernig dreifingu á reglubundnum kennslustundum viltu helst? Í hverju námskeiði vildi ég að staðaldri hafa kennslustundir:....	21
Mynd 8. Fækkun kennslustunda. Svör nema og kennara við spurningunni: Hvert er viðhorf þitt? Samkennsla getur haft það í för með sér að reglubundnum kennslustundum fækkar. ....	22
Mynd 9. Nýting tæknimöguleika í námskeiðum. ....	26
Mynd 10. Reynsla af mismunandi tegundum af upptökum á kennslu. Hlutfall nema og kennara sem hefur reynslu.....	26
Mynd 11. Ánægja/óánægja nema og kennara með mismunandi tegundir af upptökum í kennslu. ....	27
Mynd 12. Ánægja/óánægja kennara og nemenda með fjar-, stað- og samkennslu.....	32
Mynd 13. Svör nema og kennara við spurningum um hvort gæði séu svipuð eða ólík varðandi námsefni, námsmat, kennslu samskipti og samvinnu kennara innbyrðis (K-K sam.), nemenda og kennara (K-N sam.) eða nemenda innbyrðis (N-N sam.).....	33
Mynd 14. Svör nema um hvort þeir telji betra að vera í samkennslu eða aðskildum námskeiðum í mismunandi námsgreinum.....	40
Mynd 15. Hlutfall nema og kennara sem merkir við með hvaða hópastærðir gangi vel í samkennslu. ....	40
Mynd 16. Viðhorf nema og kennara gagnvart þróun samkennslu. Svör við spurningu um hvort halda eigi áfram að þróa samkennslu stað- og fjarnema. ....	43

## Töflur

Tafla 1. Nemahópur m.t.t. aldurs, hlutfalls nýnema, búsetu og starfshlutfalls. Hlutfall (%) eftir námsformi. ....	12
Tafla 2. Fjöldi kennslustunda í staðlotum samkenndra námskeiða. Svör kennara. ....	16
Tafla 3. Mæting nema í staðlotur. Svör nema. ....	18
Tafla 4. Mæting nema í staðlotur. Svör kennara. ....	18
Tafla 5. Mæting nema í reglubundnar kennslustundir. Svör nema. ....	21
Tafla 6. Mæting nema í reglubundnar kennslustundir. Svör kennara. ....	21
Tafla 7. Reynsla nema og kennara af tæknimöguleikum ....	30
Tafla 8. Reynsla kennara af mismunandi námskeiðum (umsjón og / eða kennsla). ....	31
Tafla 9. Helstu kostir samkennslu – Hlutfall nema og kennara sem velur hverja ástæðu.....	34
Tafla 10. Helstu ókostir samkennslu – Hlutfall sem velur hverja ástæðu.....	36
Tafla 11. Viðhorf nema um valkosti í kennaranámi.....	42
Tafla 12. Viðhorf kennara gagnvart tilhögun kennslutíma. ....	42

# 1 Inngangur

Skólaárið 2010–2011 varð það meginregla að námskeið við Menntavísindasvið (MVS) Háskóla Íslands (HÍ) væru samkennd, þ.e. bæði fjar- og staðnemar voru skráðir á eitt og sama námskeiðið en áður var gert ráð fyrir að fjarnemum og staðnemum væri kennt í aðskildum námskeiðum í grunnnámi. Þó hafði lengi tíðkast að samkenna þegar nemendur voru svo fáir að námskeið hefðu annars fallið niður og slíkt hafði verið nokkuð algengt undangengin ár. Framhaldsnám við Kennaraháskóla Íslands (KHÍ, síðar Menntavísindasvið) hefur hins vegar verið skipulagt sem fjarnám eða blandað nám þar sem nemar mæta yfirleitt tvisvar til þrisvar á misseri í staðlotur sem standa í 2–3 daga í senn. Þess á milli er netið notað til samskipta og miðlunar á kennsluefni og verkefnum. Ekki hefur verið boðið upp á reglubundna vikulega kennslu nema í örfáum námskeiðum í framhaldsnámi.

Í kjölfar hruns bankakerfisins á Íslandi varð mikill niðurskurður á fjárframlögum til HÍ. Ein leið til að bregðast við því á MVS var að setja þá meginreglu að öll námskeið í grunnnámi skyldu skipulögð í samkenndu þannig að fjarnemum og staðnemum væri kennt saman. Samkvæmt upplýsingum frá deildarforseta Kennaradeildar var gert ráð fyrir að þetta gæti fækkað kennslustundum um allt að 10.000 á skólaári og sparaði því umtalsvert í launakostnaði til kennara.<sup>1</sup>

Í samræmi við breytt skipulag skulu nemar skrá sig í kennaranám án þess að tilgreina hvort þeir vilja stunda námið almennt sem fjarnemar eða staðnemar en við skráningu í námskeið eiga þeir hins vegar að velja hvort þeir vilji taka námskeiðið í staðnámi eða fjarnámi. Þannig er gert ráð fyrir að kennarar hafi upplýsingar um hvernig sá nemendahópur sem skráður er í námskeið er samsettur með tilliti til óska um námsform og geti tekið mið af því við skipulagningu hvort nemendur hafa valið að vera staðnemar eða fjarnemar.

Fjöldi samkenndra námskeiða í grunnnámi við Kennaradeild á skólaárinu 2010–2011 var 94 (skv. upplýsingum frá nemendaskrá á vormisseri 2011), 48 á haustmisseri 2010 og 46 á vormisseri. Meðalfjöldi skráðra nemenda á haustmisserisnámskeiðunum var 39 og að meðaltali luku 34 hverju námskeiði. Meðalhlotfall skráðra fjarnema í þessum námskeiðum var 33% en reynsla kennara bendir til að hlutfall fjarnema hafi almennt verið talsvert hærra og að þessi skráning sé ekki áreiðanleg.

Ákveðið var í samráði Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM), kennsluráðs og stjórnenda Menntavísindasviðs HÍ, að á vegum RANNUM skyldi gera rannsókn á þessu nýja fyrirkomulagi. Markmiðið var að afla upplýsinga um og greina reynslu kennara og nemenda af samkennslunni, mat þeirra á gæðum samkennslu miðað við kennslu í aðskildum hópum svo og viðhorf til samkennsluformsins. Áhersla skyldi lögð á að greina vandamál sem upp hafa komið og íhuga þau tækifæri til þróunar sem hugsanlega felast í samkennslu fyrir kennara og kennslu og fyrir nemendur og nám.

---

<sup>1</sup> Anna Kristín Sigurdardóttir, munnleg heimild, 28. janúar 2010.

Gögnum var safnað í lok skólaársins 2010–2011 og hefur rannsóknin og hluti af niðurstöðum hennar áður verið kynntur í ræðu og riti hér á landi og erlendis (Jakobsdóttir og Jóhannsdóttir, 2010a, 2010b; Þuríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir, 2010a, 2010b, 2011a, 2011b). Í þessari skýrslu eru kynntar lokaniðurstöður. Skýrslan hefst á kynningu á nokkrum tillögum og umhugsunarefnum sem varða þróun samkennsluformsins í ljósi þeirra niðurstaðna sem rannsóknin leiddi í ljós. Í kafla þrjú og fjögur er fjallað um bakgrunn og aðdraganda samkennslunnar og aðferð við gagnaöflun og greiningu en niðurstöður eru kynntar í fimmta kafla sem jafnframt er viðamesti hluti skýrslunnar. Skýrslunni lýkur með samantekt og umræðu þar sem niðurstöður eru m.a. bornar saman við niðurstöður úr rannsókn meðal fjarnema við MVS árið 2008. Þar reifum við þau atriði sem okkur finnst ástæða til að draga athygli að og okkur finnst skipta máli fyrir þróun í skipulagi náms og kennslu á Menntavísindassviði HÍ.



## 2 Tillögur og umhugsunarefni

Hér eru lagðar fram tillögur um aðgerðir til að styðja við þróun kennslu við Menntavísindasvið HÍ. Þær eru byggðar á niðurstöðum rannsóknar á framkvæmd samkennslu í Kennaradeild skólaárið 2010–2011.

Tillögurnar falla í eftirfarandi flokka:

- Hugtök um námið
- Skipulag kennslu
- Nýting tækni og gæði náms
- Námsmat
- Bakgrunnur nemenda og aðstæður
- Togstreita milli nemendahópa

### 2.1 Hugtök um námið

**Tillaga 1:** *Halda skal áfram að bjóða sem flest námskeið bæði í staðnámi og fjarnámi.*

Bæði nemendum og kennurum finnst flokkunin skipta máli. Nemendur vilja geta valið námskeið ýmist í staðnámi eða fjarnámi og fyrir nemendur felst sveigjanlegt nám sem er boðið á Menntavísindasviði í þessu vali á milli námsforma.

Í netkönnun sagðist meira en helmingur nemenda vilja geta valið að vera ýmist staðnemi eða fjarnemi eftir námskeiðum og rúmur fjórðungur vildi geta valið að vera í fjarnámi. Ekki nema fimmtungur þeirra nema sem voru í staðnámi vildi geta valið að vera eingöngu í staðnámi. Innan við einn tíundi hluti nema fannst að flokkunin skipti ekki máli.

Gera má ráð fyrir að sá hópur nema fari stækkandi sem kýs að taka námskeið ýmist í staðnámi eða fjarnámi. Í nýlegri úttekt á þróun á valkostum í námi í grunn- og framhaldsskólum með stuðningi netsins í Bandaríkjunum (Staker, 2011) eru greind nokkur líkön sem hafa verið að þróast. Eitt af þeim nefnir höfundur „self-blend“ en það er þegar nemendur velja að taka námskeið ýmist sem staðnám eða fjarnám, sem sagt blanda það sjálfir eftir hentugleikum eða aðstæðum. Það hefur nokkuð lengi verið valkostur fyrir framhaldsskólanema á Íslandi að taka einstök námskeið í fjarnámi þó að þeir séu annars reglulegir nemendur í dagskóla (Sólveig Jakobsdóttir & Þuríður Jóhannsdóttir, 2010). Margir háskólanemar þekkja því þennan kost og má ætla að þeir vilji geta nýtt sér þetta form líka í háskólanámi. Líklegt er einnig að nemum finnist æskilegt að hafa sveigjanleika í námsformi þar sem aðstæður geti breyst t.d. varðandi fjölskyldu, búsetu eða vinnu með námi.

**Tillaga 2:** *Íhuga þarf hvernig fjarnám er skilgreint og hvort nota eigi annað hugtak s.s. blandað nám eða dreifnám þegar gert er ráð fyrir að nemendur þurfi að mæta á tilteknum stað og stund.*

Fjarnámshugtakið hefur verið notað í kennaranámi frá því upp úr 1990 um það sem nákvæmara væri að kalla *blandað nám* þar sem gert hefur verið ráð fyrir að nemar mættu a.m.k. tvisvar á misseri í svokallaðar staðlotur sem yfirleitt hafa verið haldnar í húsnæði HÍ í Reykjavík.<sup>2</sup> Í framhaldsskólum hefur fjarnám hins vegar verið skipulagt nánast eingöngu með netsamskiptum og ekki gert ráð fyrir að fjarnemar þurfi að mæta á í skólann á staðnum. Það má því gera ráð fyrir að nemendur sem innrita sig í háskóla þar sem fjarnám er í boði reikni með að það sé með líku sniði og í framhaldsskólum nema annað sé tekið fram. Hugtakið *dreifnám* (líklega þýðing á e. *distributed learning*) hefur verið notað á framhaldsskólastigi um það sem venjan er erlendis að kalla blandað nám (e. *blended learning*). Dreifnám hefur líka verið notað hér á landi á grunnskólastigi um það þegar einstakar námsgreinar eru kenndar í gegnum fjarfundabúnað og á netinu (Þuríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir, 2011).

## 2.2 Skipulag kennslu

**Tillaga 3:** *Sé það stefna að kenna staðnemunum og fjarnemunum í einum námshópi þurfa kennarar og háskólinn sem stofnun að taka til greina að nemendur hafa valið sér annað hvort námsformið og leitast við að skipuleggja kennslu með hliðsjón af mismunandi óskum og/eða þörfum fjarnema og staðnema.*

**Tillaga 4:** *Endurskoða þarf skipulag á staðlotum og tímasetningu þeirra og leita tæknilegra leiða til að gefa þeim nemum sem ekki eiga heimangengt tækifæri til að taka þátt í lotum og/eða reglubundnum kennslustundum í rauntíma á netinu.*

Mikilvægt er bæði fyrir nemendur og kennara að háskólinn sem stofnun setji viðmið um æskilegan tímafjölda fyrir námskeið miðað við ECTS einingar.

Meirihluti þeirra nema sem nýta sér reglubundið staðnám vilja að kennslustundir séu 3–4 á viku og að kennt sé tvisvar í viku. Meirihluti kennara er sammála þessu.

Fjarnemar í grunnnámi hafa þurft að mæta í staðlotur tvær vikur á hverju misseri. Stundaskrá staðlotunnar er skipulögð á 5 dögum en kennslustundir eru að jafnaði 7 fyrir hvert námskeið eða 21 kennslustund fyrir nema sem er í fullu 30 ECTS námi. Meirihluta nemenda finnst æskilegt að staðlotur séu tvisvar á hverju misseri. Velta má fyrir sér að fækka dögum í hverri staðlotu í þrjá en að þær séu áfram tvær á hverju misseri. Skipulag staðlotna gengur út frá að

---

<sup>2</sup> Ath. þó að skv. sumum skilgreiningum á blönduðu námi fer það eftir hlutfalli námskeiðsefnis sem miðlað er á netinu (proportion of course content delivered online) hvort námskeiðið er flokkað sem blandað (einnig nefnt „hybrid“ – samsett). Skv. Allen og Seaman (2011, bls. 7), sem hafa staðið fyrir umfangsmiklum rannsóknum á netnámi og blönduðu námi á háskólastigi í Bandaríkjunum, er það hlutfall 30–79%. Ef hlutfallið er 80% eða hærra er talað um netnámskeið (online course), 0% hefðbundið (traditional) en 1–29% vefstutt (web facilitated).

nemendur sé í fullu 30 eininga námi á hverju misseri og framvinda sé regluleg. Sé hún það ekki geta namar verið að taka á sama misseri í sínu námi námskeið sem samkvæmt skipulagi kennaranámsins eru sitt á hvoru árinu. Namar gætu því þurft að koma í staðlotur sem dreifast á fjórar vikur en ekki tvær. Áður var þriggja ára kennaranám skipulagt sem fjögurra ára nám fyrir fjarnema þannig að minni líkur voru á svona árekstrum þó að þeir þekktust líka þegar framvinda var ekki samkvæmt bókinni.

Margt bendir til þess að namar eigi erfiðara en áður með að losa sig úr vinnu til að komast í staðlotur eftir efnahagshrunið.<sup>3</sup> Það þarf því að íhuga hvort annað skipulag en viðgengist hefur þjónar betur.

Ætti að velta fyrir sér að taka upp kennslu á laugardögum eins og áður tíðkaðist og þekktist í námi á meistarástigi?

Ætti að velta fyrir sér að bjóða upp á staðtíma síðdegis t.d. eftir kl 16 fyrir þá fjarnema sem búa í ökuþjónslu frá háskólanum og bjóða þeim sem ekki eiga heimangengt að taka þátt í kennslustundum með fjarskiptabúnaði (Adobe Connect, Skype, fjarfundabúnaði, símafundum o.s.frv.)?

## 2.3 Nýting tækni og gæði náms

**Tillaga 5:** *Við þróun samkennslu er mikilvægt að í boði sé viðeigandi tæknibúnaður fyrir rauntímasamskipti á netinu og helst með upptökumöguleikum (t.d. Adobe Connect, fjarfundabúnaður sem má tengja við tölvur, netfundir í Moodle, Skypelína).*

Það veldur kennurum áhyggjum hvað þeim finnst fjarnemar vera lítið virkir í námsumhverfinu sem sett er upp á netinu og ætlað að þjóna ekki síst þeim sem hafa valið fjarnámsformið.

Í ársbyrjun 2012 var settur upp fjarfundabúnaður í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð. Hægt er að tengja tölvur í kennslustofum og á skrifstofum kennara við fjarfundabúnaðinn. Með þessum búnaði er hægt að tengjast fjarnemum með fjarfundabúnaði sem er aðgengilegur í símenntunarstofnunum eða skólum mjög víða á landsbyggðinni. Þar er yfirleitt í boði ókeypis þjónusta við fjarnema til að veita þeim aðgang að háskólanámi og frá áramótum hefur verið starfsmaður á vegum Kennslumiðstöðvar HÍ í Smiðju í Stakkahlíð til að þjóna þeim kennurum sem vilja nota þessa aðferð við að tengjast fjarnemum. Þar sem þessi þjónusta kom ekki til fyrir en ári eftir að rannsóknin var gerð er ekki fjallað um reynslu af þessum búnaði hér.

Adobe Connect er tæknibúnaður sem gerir kleift að hafa beinar útsendingar úr tölvu og vera í gagnvirku sambandi við nema sem eru fjarri bæði með textaspjalli og tali. Að hafa aðgang að

---

<sup>3</sup> Óformlegar viðræður við fjölmarga nemendur okkar gefur okkur tilefni til að ætla að svo sé.

slíkum tæknibúnaði myndi gera kennurum kleift að gefa fjarnemum aðgang að kennslustundum í rauntíma úr tölvu hvar sem þeir eru staddir óháð aðgegni að fjarfundabúnaði. Skype hefur verið notað til að veita nemendum slíkan aðgang en öflugri búnaður á borð við Adobe Connect er mjög víða notaður í háskólum sem bjóða fjarnám (t.d. Athabasca Open University). Búnaður af þessum toga er t.d. nýttur í sívaxandi mæli í sambandi við starfspróun (webinars eða vefmálstofur) og gæti einnig nýst í staðinn fyrir staðbundna kennslu eða leiðsögn. Adobe Connect býður nú upp á Remote Learner sem hægt er að fá sett upp í Moodle.<sup>4</sup> Fylgjast þyrfti einnig vel með opnum og ókeypis lausnum sem gætu hentað í þessu skyni.

**Tillaga 6:** *Próa þarf námsumsjónarkerfið Moodle þannig að það þjóni betur því hlutverki að efla samfélag meðal nema með samvinnusvæðum og stafrænum möppum fyrir einstaklinga og hópa.*

Athuga þarf hvaða möguleikar eru fyrir hendi í Moodle og læra af reynslu annarra háskóla sem t.d. hafa tengt ELGG við Moodle en sá búnaður gefur kost á að stafrænum möppum fyrir nema styður tengsl þeirra, samskipti og gefur möguleika á að deila efni.

Skoða þarf reynslu sem komin er af notkun Facebook meðal nemenda og velta fyrir sér möguleikum á að tengja þá notkun við námskeiðsvefi. Nemendur mynda oft hópa á Facebook að eigin frumkvæði þar sem þeir vinna saman að verkefnum sem tengjast náminu. Notkun Facebook er þó umdeild en til eru dæmi um árangursríka notkun í kennslu við HÍ og í erlendum háskólum.

## 2.4 Námsmat

**Tillaga 7:** *Lagt er til að markvisst og fjölbreytt námsmat verði viðhaft í öllum námskeiðum og það tengt hæfniviðmiðum í námskeiðslýsingum. Meginregla verði símat þar sem lagt er mat á framlög nema frá upphafi til loka námskeiðs.*

Kennarar hafa áhyggjur af lítilli virkni fjarnema ef hún er ekki sýnileg í framlögum þeirra í námsumsjónarkerfinu á netinu. Tíðkast hefur að skipuleggja umræður á netinu en margir kennarar eru ekki nógu ánægðir með þátttöku nema í þeim. Markvisst námsmat sem tengist hæfniviðmiðum ætti að vera til þess fallið að stuðla að virkri þátttöku nemenda í náminu ef því er beitt jafnt og þétt yfir námstímann. Nákvæm viðmið um þekkingu, leikni og hæfni eins og Bologna samkomulagið gerir ráð fyrir að evrópskir háskólar setji fram, ætti að hafa til hliðsjónar við gerð matsviðmiða. Með því móti ætti nemum að vera betur ljóst hvaða kröfur þeir þurfa að standast til að ná árangri. Þetta er líka til þess fallið að stuðla að auknum gæðum náms.

---

<sup>4</sup> <http://remote-learner.net/adobeconnectpro> og <http://moodle.org>

## 2.5 Bakgrunnur nemenda og aðstæður

**Tillaga 8:** *Lagt er til að staðlaður spurningalisti verði settur upp í Uglu/Moodle sem nemendum er ætlað að svara til að auðvelda kennurum að átta sig á samsetningu nemendahópsins í hverju námskeiði.*

Mikilvægt er að kennarar þekki bakgrunn nemenda og aðstæður sem kunna að skipta máli við skipulag náms og kennslu. Margir kennaranemar vinna við kennslu eða önnur uppeldisstörf samhliða náminu og sú reynsla getur verið mikilvægt framlag til náms í nemendahópnum. Vitneskja um þetta auðveldar kennurum að taka mið af slíkri reynslu í skipulagi verkefna.

Það skiptir máli vegna skipulags kennslu að vita hvar nemendur búa. Slík vitneskja hefur verið notuð til að stuðla að hópamyndun nema heima í héraði stundum í tengslum við símenntunarstöðvarnar. Einnig er hægt að bjóða fjarnemum sem búa í aksturfjarlægð frá háskólanum í Reykjavík að mæta í skólann til að taka þátt í málstofum og verkefnum ef þeir svo kjósa. Þeir sem búa fjær eða í útlöndum þurfa oftast sérstaka þjónustu sem hægt væri að veita í gegnum fjarskiptabúnað á netinu.

Að vita um aðrar ástæður en búsetu fyrir því að nemar hafa skráð sig í fjarnám skiptir líka máli, s.s. fjölskylduáðstæður, veikindi og aðrar félagslegar aðstæður sem gera það að verkum að nemar eiga erfitt með að sækja reglulega tíma. Í þeim tilvikum er fjarnám tækifæri til að stuðla að félagslegu réttlæti. Vilji Menntavísindasvið leggja sitt af mörkum til þess þarf stofnunin og kennararnir að vita um slíkar aðstæður til að geta komið til móts við þær þegar það er hægt (t.d. með því að bjóða nemum þátttöku í kennslu í rauntíma á netinu).

## 2.6 Togstreita milli nemendahópa

**Tillaga 9:** *Mikilvægt er að kennarar séu meðvitaðir um að tilhneiging er til að togstreita myndist á milli staðnema og fjarnema í samkenndum námskeiðum og geri ráðstafanir til að vinna gegn slíku.*

Í rannsókninni kemur fram að mikill meirihluta fjarnema finnst þeir verða útundan í samkennslunni. Mörgum staðnema finnst líka þeir að þurfa að taka tillit til fjarnema í staðkennslu. Stórum hluta nemenda í báðum hópum finnst samkennslan síðri en þegar kennt er í aðskildum hópum ekki síst varðandi samskipti sín á milli og við kennara. Ef halda á áfram að þróa samkennslulíkanið þurfa kennarar að vinna meðvitað gegn því að hóparnir einangri sig hvor frá öðrum og leitast við að stuðla að samkennd fólks sem er að mennta sig til sömu starfa og á eftir að verða félagar í fagsamfélagi kennara.

### 3 Bakgrunnur

Þróun tölvutækninnar og netsins á síðasta áratug tuttugustu aldar gerði mögulegt að bjóða kennaranám í fjarnámi. Í fyrstu var það þörf fyrir réttindakennara í skólum, einkum í dreifbýli sem var ástæðan fyrir að koma á fót kennaranámi í fjarnámi (Lára Stefánsdóttir og Sigurjón Mýrdal, 1993). Síðar varð þróunin sú að boðið var upp á kennaranám í fjarnámi og staðnámi sem jafngilda kosti þar sem fólk gat valið það námsform sem hentaði miðað við þeirra aðstæður (Auður Kristinsdóttir, Ásrún Matthíasdóttir og M. Allyson Macdonald, 2001; Jóhannsdóttir og Skjelmo, 2004). Þetta aukna aðgengi að bæði grunnskólakennara- og leikskólakennaranámi leiddi til þess að hlutfall fjarnema fór vaxandi og varð um helmingur eða meira í báðum hópum. Í ársskýrslum KHÍ sést að árið 2002 voru fjarnemar 46% af grunnskólakennaranemum og 53% af leikskólakennaranemum; árið 2007 voru fjarnemar 49% af nemum í grunnskólakennarafræðum og 54% af nemum í leikskólakennarafræðum en í hópi nýnema voru samsvarandi hlutföll 60% og 49% það ár (Kennaraháskóli Íslands, 2003, 2008). Venjan var lengst af sú að kenna fjarnemum og staðnemum í aðskildum hópum. Ef nemar voru fáir í tilteknum námskeiðum var þó gjarna farin sú leið að slá saman í einn hóp litlum hópum fjarnema og staðnema til þess að uppfylla kröfur um lágmarksfjölda sem þurfti í hóp til að kenna mætti námskeið. Þannig voru 19 námskeið samkennd á Menntavísindasviði á vormisseri 2009 (Sigurður Jónsson, 2009).

Á árunum á milli 1990–2000 varð ör þróun í framhaldsnámi í KHÍ og var það skipulagt sem fjarnám að hluta en með staðlotum þar sem nemar mættu yfirleitt tvisvar til þrisvar á misseri í staðlotur sem stóðu í 2–3 daga í senn en þess á milli var netið notað til samskipta og miðlunar á kennsluefni og verkefnum. Uppúr miðjum síðasta áratug var í sumum námskeiðum, einkum fjölmönnum, boðið uppá reglubundna tíma einu sinni í viku fyrir þá sem vildu og gátu mætt reglulega í skólann eins og staðnemar. Samhliða þessu jókst notkun upptökutækni þannig að fyrirlestrar sem fluttir voru í vikulegum tímum voru oftast teknir upp og vistaðir á námskeiðsvef fyrir þá nemendur sem ekki mættu í tímana. Nokkrar staðlotur á misseri þar sem allir nemendur mættu var þó áfram það líkan sem byggt var á og námskeiðsvefir á netinu voru notaðir sem sameiginlegt svæði fyrir samskipti og miðlun fyrir bæði þá nema sem mættu reglulega (staðnema) og hina (fjarnema). Greining á stundaskrá framhaldsnáms haustið 2009<sup>5</sup> sýndi að vikuleg reglubundin kennsla var í boði í fjórum námskeiðum af 39 (öllum stóru kjarnanámskeiðunum). Í helmingi tilvika voru námskeið skipulögð með þremur staðlotum, 5–6 daga samanlagt en í tæplega þriðjungu námskeiða (31%) voru staðlotur tvær (23%) eða ein (8%) og dagafjöldi var frá einum upp í fjóra daga.

Úr þessum jarðvegi sprettur sú hugmynd að skipuleggja öll námskeið þannig að staðnemar og fjarnemar séu saman á námskeiði. Þegar ljóst varð í kjölfar efnahagshrunsins að skera varð niður fjármagn til kennslu reyndist það leið til sparnaðar að slá saman námskeiðum sem áður höfðu verið kennd sem tvö, annað fyrir fjarnema og hitt fyrir staðnema, í eitt námskeið fyrir báða hópa. Með því móti fengu kennarar færri tíma til að sinna kennslu fyrir sama fjölda nemenda. Þetta var þó ekki eina ástæðan fyrir því að slá þessum hópum saman þar sem

<sup>5</sup> Sólveig Jakobsdóttir (2009, óbirt gögn).

stjórnendur og sumir kennarar sáu þetta sem leið til að þróa opnari og sveigjanlegri kennsluhætti. Forseti fræðasviðsins Jón Torfi Jónasson setti kennslufræðileg rök á oddinn á kynningarfundum fyrir starfsfólk. Í bréfi 27.4. 2012 til skýrsluhöfunda koma þessi viðhorf hans fram.

Ég tel það meðal mikilvægra hlutverka Menntavísindasviðs að þróa kennsluhætti og vera leiðandi í því efni. Þá skal taka mið af því að markmið kennslu í háskóla breytast, hugmyndir um góða kennslu taka breytingum og kalla á breytta kennsluhætti og ný tækni býður upp, eða jafnvel krefst, nýrrar menningar og nýrra starfshátta. Við menntum stóra hópa fólks sem sjálft á að vera leiðandi í slíkri þróun í menntakerfinu. Ég er sannfærður um að sú viðleitni að flétta saman fjarnám og staðnám er mjög gagnleg til þess að ýta á eftir nauðsynlegum breytingum á háskólakennslu almennt og vega í mínum huga mun þyngra heldur en fjárhagsleg rök, þótt þau komi líka við sögu þegar rætt er um framhald þess fyrirkomulags.

Sumir kennarar litu einnig svo á að það gæti verið ávinningur að því að leiða saman fjarnema og staðnema þar sem mismunandi bakgrunnur og reynsla gæti víkkað sjóndeildarhring beggja hópa og styrkt námið. Í greinum þar sem námshópar höfðu verið fámennir höfðu kennarar reynslu af að slá saman fjarnemum og staðnemum og sáu í því leið til að efla samfélag verðandi faggreinakennara, burtséð frá því hvort þeir hefðu valið sér að taka námið í staðnámi og fjarnámi. Það varð því úr að frá og með haustinu 2010 skyldi það vera meginregla að kenna fjarnemum og staðnemum saman í námshóp.

## 4 Aðferð

Við gagnaöflun og úrvinnslu voru notaðar blandaðar rannsóknaraðferðir. Annars vegar var safnað gögnum frá kennurum og nemendum með spurningalistum sem lagðir voru fyrir á neti. Hins vegar voru tekin viðtöl við nemendur og kennara í átta samkenndum námskeiðum sem voru kennd á haustmíssi 2010.

### 4.1 Þátttakendur og gögn

#### 4.1.1 Viðtöl við kennara og nemendur í 8 námskeiðum

Samkennd námskeið í grunnnámi við Kennaradeild á skólaárinu 2010–2011 voru 94 talsins (skv. upplýsingum frá nemendaskrá á vormíssi 2011). Þar af voru 48 samkennd á haustmíssi 2010 og 46 á vormíssi 2011. Meðalfjöldi skráðra nemenda í námskeiðum á haustmíssi var 39 og að meðaltali luku 34 nemendur hverju námskeiði. Meðalhluftfall þeirra sem skráðir voru sem fjarnemar í þessum námskeiðum var 33% en reynsla kennara benti til að þessi skráning væri ekki áreiðanleg og að fjarnemar væru almennt talsvert fleiri í raun.<sup>6</sup>

Valin voru 8 námskeið af námskeiðunum 48 (17%) sem samkennd voru á haustmísserinu. Valið tók mið af því að fá sem fjölbreyttasta mynd m.t.t. námsgreina og fjölda nemenda – fjölmenn, miðlungs, fámenn (fámennast 12 nemar, fjölmennast 173 skráðir nemar). Haft var samband við umsjónarmenn námskeiðanna með tölvupósti og í síma og samþykktu þeir allir að taka þátt í rannsókninni. Tekin voru viðtöl við níu kennara (í einu námskeiði voru tveir umsjónarmenn sem voru saman í viðtali) og 22 nema í þessum námskeiðum. Nemarnir voru valdir af handahófi, a.m.k. einn fjarnemi og einn staðnemi úr hverju námskeiði, fleiri voru valdir úr fjölmennari námskeiðunum en alls var talað við 11 fjarnema og 11 staðnema. Haft var samband við þá sem lentu í úrtakinu með tölvupósti og tekin símaviðtöl við þá sem samþykktu þátttöku.<sup>7</sup>

#### 4.1.2 Spurningakönnun

Þýðið sem lagt var upp með í spurningakönnuninni voru allir nemendur í grunnnámi í Kennaradeild Menntavísindasviðs (B.Ed. nám í leikskólakennarafræði og grunnskólakennarafræði) á vormíssi 2011 og þeir kennarar í deildinni sem kenndu námskeið í grunnnámi á þeim tíma.

---


<sup>6</sup> Samkvæmt nýrri tölum frá haustmíssi 2011 var þó skráningarhlutfall fjarnema í námskeiðum mjög svipuð eða um 32% (673 skráningar af 2093).

<sup>7</sup> Í þessum átta námskeiðum voru alls skráðir 365 en þar af voru 213 (58%) sem ekki voru búnir að segja sig frá rannsóknarþátttöku, um 85% konur en 15% karlar. Talað var við um 10% þeirra nemenda, um 90% viðmælenda voru konur. Byrjað var á því að velja tvo til fjóra handahófskennt af hverju námskeiði og senda þeim tölvupóst. Ef þeir svörðu ekki þá var áfram valið tilviljunarkennt þangað til að jákvætt svar barst. Sendur var póstur á 147 nemendur. Af þeim voru fjórir sem báðust undan þátttöku en 25 sem svörðu jákvætt. Í fimm tilfellum náðist ekki í viðkomandi í síma þrátt fyrir að hann hafi gefið jákvætt svar um þátttöku í tölvupósti. Haft var samband við tvo nema til viðbótar sem ekki höfðu svarað en þar sem námskeiðið sem þeir voru skráðir á var mjög fámennt þá var nauðsynlegt að hafa þá með. Vitnað var í póstinn og þeir tóku vel í spjall.



Í Kennaradeild voru skráðir 748 nemar en samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Menntavísindasviðs kom í ljós að stór hluti hópsins (nær 40%) hafði valið þann kost að vera ekki á listum vegna kannana. Úrtakið úr nemendahópnum var því 446 nemar sem fengu beiðni um þátttöku. Einungis 69 svöruðu sem er um 15% þátttaka, 59 konur og 9 karlar, einn gaf ekki upp kyn. Aldursdreifingin var jöfn, 32% voru yngri en 25 ára, 43% á aldrinum 25–34 ára, 20% 35–44 ára og 4% eldri en 44 ára.

Þótt svarhlutfallið væri mjög lágt þá endurspeglar svarendur nokkuð vel þýðið<sup>8</sup> þegar litið er til kyns, tegundar náms, hvort um sé að ræða nýnema eða lengra komna og með tilliti til námsforms (fjarnáms eða staðnáms eða blöndu af stað- og fjarnámi), sjá mynd 1.



Mynd 1. Hlutföll í hópi svarenda (nemahópi) og þýðis með tilliti til kyns, tegundar náms, námsárs og kennsluforms. (Fjöldi svarenda = 69, fjöldi í þýði = 740).

Skipting svarenda milli námsára var nokkuð jöfn, 32% svarenda voru nýnemar á fyrsta ári (að taka einingar 1–60), 40% voru á öðru ári (einingar 61–120) og 28% á 3. ári (einingar 121–180). Varðandi námsform þá var um þrjá hópa að ræða meðal svarenda. Um 43% voru í fjarnámi eingöngu (sjá mynd 1). Um 35% sögðust vera í staðnámi og 22% ýmist í stað- eða fjarnámi. Ekki er hægt að nálgast sambærilegar upplýsingar um þýðið. Í upplýsingum frá HÍ kemur þó fram að 33% nemenda séu skráðir sem fjarnemar (sbr. mynd 1) en því miður reyndist sú skráning ekki áreiðanleg þar sem fleiri völdu í reynd fjarnámið.

<sup>8</sup> Upplýsingar um þýði eru fengnar frá vef HÍ (Háskóli Íslands í tölum, sjá [http://www.hi.is/skolinn/hi\\_i\\_tolum](http://www.hi.is/skolinn/hi_i_tolum)). Notast var við upplýsingar frá 20. febrúar 2011 í Excel skjali um skráða nemendur á skólaárinu 2010–2011. Á þeim tíma voru 740 nemendur skráðir í leik- eða grunnskólakennarafræði, átta færri heldur en voru á lista skrifstofu Menntavísindasviðs sem notast var við þegar úrtak var gert vegna könnunar 18. apríl 2011.

Marktækur munur var á svarendahópum eftir námsformi með tilliti til aldurs, hlutfalls nýnema, búsetu og hversu mikla vinnu nemendur stunduðu með náminu, sjá töflu 1. Þeir sem voru í staðnámi voru heldur yngri en hinir hóparnir. Einnig voru tiltölulega fleiri af fyrsta ári í hópi staðnema en hinna hópanna. Þá var munur varðandi búsetu, mikill meirihluti staðnema bjó á höfuðborgarsvæðinu (83%) á meðan 33% fjarnema bjó þar og um 60% þeirra sem voru ýmist fjar- eða staðnemar eftir námskeiðum. Ekki var munur milli hópa varðandi það hvort þeir stunduðu vinnu með námi eða tegund atvinnu (62% nemenda gerði það, þar af voru 54% við kennslu eða uppeldisstörf) en munur var eftir því hversu mikið var unnið með náminu. Allir staðnemar sem stunduðu vinnu gáfu upp starfshlutfall 50% eða lægra á meðan það sama gildi um 17% fjarnema og 60% þeirra sem voru í bland í fjar- og staðnámskeiðum. Á hinn bóginn gaf 39% fjarnema sem unnu með náminu upp 51–75% starfshlutfall, 39% 76–100% og 6% yfir 100% sjá nánar í töflu 1.

**Tafla 1. Nemahópur m.t.t. aldurs, hlutfalls nýnema, búsetu og starfshlutfalls. Hlutfall (%) eftir námsformi.**

<i>Þáttur</i>	<i>Í fjarnámi %</i>	<i>Ýmist í fjarnámi eða staðnámi %</i>	<i>Í staðnámi %</i>	<i>Allir %</i>
Aldur, yngri en 25 ára* <sup>9</sup>	13	33	54	32
Á fyrsta ári í námi (eining 1–60)* <sup>10</sup>	20	20	57	32
Búseta* <sup>11</sup>				
Á höfuðborgarsvæði (eða < hálf tíma frá)	33	60	83	57
Utan höfuðborgarsvæðis en nálægt	40	27	12	28
Langt utan höfuðborgarsvæðis (>2 tíma frá)	23	13	4	14
Erlendis	3	0	0	1
Vinna með námi				
Já	60	67	62	62
Ef já, kennslu eða uppeldisstörf?	72	40	40	54
Starfshlutfall* <sup>12</sup>				
Undir 26%	0	10	47	19
26–50%	17	50	53	37
51–75%	39	30	0	23
76–100%	39	10	0	19
Yfir 100%	6	0	0	2

\* = Marktækur munur eftir námsformi.

Kennarar í Kennaradeild voru 87 talsins (að frátöldum höfundum), 61% konur og 39% karlar. Hópurinn fékk boð um þátttöku í kennarakönnun, 45 svöruðu sem er rúmur helmingur (52%) – þar af voru 69% konur og 31% karlar. Um 8 af þessum 87 voru í orlofi eða kenndu ekki í grunnnámi þetta misseri og því er nær að meta þátttöku sem 57%.

#### 4.1.3 Spurningalistar og viðtöl

Spurningalistar voru samdir af höfundum. Auk nokkurra bakgrunnsspurninga voru þátttakendur spurðir um reynslu sína af samkennslu og beðnir um að meta gæði hennar almennt en einnig með tilliti til nokkurra þátta í samanburði við kennslu í aðskildum hópum. Þá var spurt um kosti og galla samkennslu, spurt um hvort stærð hópa skipti máli eða

<sup>9</sup>  $\chi^2(6, N=69)=16,55, p=0,011$

<sup>10</sup>  $\chi^2(4, N=68)=11,72, p=0,020$

<sup>11</sup>  $\chi^2(6, N=69)=14,30, p=0,026$

<sup>12</sup>  $\chi^2(8, N=43)=27,76, p=0,001$

námsgrein. Einnig var spurt um staðlotur og staðbundna kennslu og notkun tækni í kennslu og þátttakendur voru beðnir um að meta hvort þeir teldu rétt að þróa samkennslu áfram með svipuðu sniði, með töluverðum breytingum eða frekar að kenna í aðskildum hópum.<sup>13</sup> Að hluta til byggðu spurningar á könnun sem gerð var meðal fjarnema við KHÍ um viðhorf til fjarnáms og staðlotna í árslok 2007 (Sólveig Jakobsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir, Hanna Lilja Valsdóttir, Ingibjörg B. Frímansdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir, 2008).

Viðtölin sem tekin voru við kennara og nemendur voru hálfopin. Viðmælendur voru spurðir um reynslu sína af samkennslu og framkvæmd hennar og hugmyndir sínar um þróun hennar.

## 4.2 Framkvæmd og gagnaúrvinnsla

Við, höfundar þessarar skýrslu, tókum viðtöl við kennara í febrúar og mars 2011. Kynningarbréf um rannsóknina voru send með tölvupósti og haft samband við viðkomandi kennara. Hvert viðtal tók um klukkutíma og fór fram við tölvuskjá í skrifstofu annarrar okkar. Kennarar sýndu viðkomandi námskeiðsvefi í Blackboard námssumsjónarkefinu í tengslum við viðtölin um leið og þeir skýrðu fyrirkomulag. Viðtölin voru ekki tekin upp en önnur okkar skráði jafnóðum það sem fram kom. Inntaksgreining var gerð á viðtalsgögnunum og niðurstöður nýttar til að gefa fyllri mynd af reynslu og viðhorfum kennara en fékkst með spurningalistum

Viðtöl við nemendur fóru fram í mars og voru tekin af Rósu Harðardóttur, framhaldsnema á námskeiðinu Fjarnám og -kennsla við Menntavísindasvið á vormisseri 2011. Hún hafði samráð við okkur varðandi rannsóknaraðferð, valdi þátttakendur, sendi kynningarbréf um rannsóknina í tölvupósti, tók símaviðtöl við þátttakendur, greindi gögnin, tók saman helstu niðurstöður og skilaði skýrslu til höfunda<sup>14</sup>. Æskilegt þótti að nemendur gætu rætt við annan nemanda fremur en kennara við deildina um reynslu sína af þessu nýja fyrirkomulagi.

Spurningalisti til nemenda var sendur út 19. apríl 2011 í K2 könnunarkerfi UGLU. Könnunin var opin fram í miðjan maí. Beiðni um þátttöku var ítrekuð tvisvar af rannsakendum um miðbik og í lok tímabilsins og einu sinni til viðbótar af deildarforseta Kennaradeildar rétt áður en henni var lokað. Spurningalisti til kennara var einnig sendur í K2 8. júní og var könnunin opin út júní. Við sendum nokkur ítrekunarbréf og deildarforseti Kennaradeildar sendi einnig ítrekun um miðbik tímabilsins (21.6.).

Lýsandi tölfraði var gerð á gögnunum í Excel. Kí-kvaðrat greining var ennfremur gerð á gögnum úr nemendakönnun. Skoðaður var munur á svörum þriggja hópa, þeirra sem voru í fjarnámi, í staðnámi eða ýmist í fjarnámi eða staðnámi til þess að athuga hvort reynsla og viðhorf nemenda væru ólík eftir námsformi.

<sup>13</sup> Sjá afrit af könnunum: <https://ugla.hi.is/K2/eydublad.php?sid=135&fid=4871> (kennarakönnun); <https://ugla.hi.is/K2/eydublad.php?sid=135&fid=4872> (nemakönnun)

<sup>14</sup> Rósa Harðardóttir. (2011). Samkennsla fjar- og staðnema. Könnun á viðhorfum nemenda í grunnnámi á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

## 5 Niðurstöður

Hér er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr spurningakönnunum og viðtölum við nemendur og kennara.

### 5.1 Samkennslan í framkvæmd – skipulag staðkennslu

Kennslan var yfirleitt skipulögð þannig að reglubundnar kennslustundir voru einu sinni eða tvisvar í viku nema í þeim vikum sem kennaranemar voru í vettvangsnámi og þannig náði kennslutímabilið yfir 7–14 vikur eftir námskeiðum (sjá nánar í kafla 5.3.1). Til viðbótar við reglubundna staðkennslu var yfirleitt kennt í tveimur staðlotum, annarri í byrjun misseris og hinni um mitt misseri. Almennt var gert ráð fyrir að í 10 ECTS námskeiði fengju nemendur sjö kennslustundir í hvorri staðlotu sem skiptust á tvo daga þannig að annan daginn mættu nemendur í þrjár kennslustundir en hinn daginn fjórar kennslustundir. Í samkennsluforminu er yfirleitt gert ráð fyrir að staðlotur sem áður voru skipulagðar fyrir fjarnema nýtist fyrir bæði stað og fjarnema.<sup>15</sup>

Eins og samkennslunni var háttað haustið 2010 var algengt að kennarar gerðu upptökur af þeirri kennslu sem fram fór í reglulegum (vikulegum) tímum í háskólanum fyrir staðnema og að upptökurnar væru vistaðir á þar til gerðu námsumhverfi á netinu (yfirleitt Blackboard skólaárið 2010–2011 en gat líka verið Ugla). Um gat verið að ræða bæði innlegg eða fyrirlestra kennara og umræður sem fram fóru í kennslustundum. Í einu námskeiði var nefnt að þegar nemar sem mættu í tíma (staðnemar) kynntu verkefni sín hefðu verið gerðar upptökur af kynningunum og þær settar á námsumsjónarkerfið Blackboard fyrir þá sem ekki kæmust í staðtíma.

Námsmat byggði á mikilli verkefnavinnu og símati en oft var líka lokapróf. Í næstu köflum er gerð nánari grein fyrir skipulaginu og mati nema og kennara á framkvæmdinni.

#### 5.1.1 Staðlotur og reglubundin kennsla, mat og samanburður


Nemendur og kennarar voru spurðir um ánægju/óánægju varðandi staðlotur og reglubundna kennslu. Niðurstöður má sjá á mynd 2.

Í ljós kom að um helmingur nemenda (51%) og 38% kennara telur misjafna reynslu af staðlotum, á meðan aðeins 38% nemenda er ánægður eða mjög ánægður með staðlotur og 50% kennara. Á hinn bóginn er 12% kennara óánægður eða mjög óánægður en 10% nemenda. ( $N_{\text{Kennarar}}=42$ , 93% svarhlutfall;  $N_{\text{Nemar}}=47$ , 68% svarhlutfall).

Í könnuninni kemur fram að ánægja virtist töluvert meiri með reglubundnar kennslustundir en með staðlotur ekki síst meðal nemenda. Um 64% kennara og 76% nemenda var ánægður eða mjög ánægður með þær, um fjórðungur taldi þær misjafnar eftir námskeiðum, 10% kennara var óánægður eða mjög óánægður en engir nemendur. ( $N_{\text{Kennarar}}=39$ , 87% svarhlutfall;  $N_{\text{Nemar}}=37$ , 54% svarhlutfall).


---

<sup>15</sup> Skv. upplýsingum úr viðtölum við kennara og námskeiðslýsingum.



Mynd 2. Viðhorf nema og kennara gagnvart staðlotum og reglubundnum kennslustundum.

Nemendur og kennarar voru einnig beðnir um að bera saman gæði staðlotna og reglubundins staðnáms í samkenndum námskeiðum eða þar sem fjar- og staðnemum væri kennt í aðskildum hópum. Niðurstöður má sjá á mynd 3.



Mynd 3. Samanburður á gæðum staðlotna og reglubundinna kennslustunda þegar kennt er í aðskildum hópum eða í samkenndum námskeiðum.

Í ljós kom að um 39% kennara taldi staðlotur betri eða miklu betri þegar fjarnemum væri kennt sér og 34% nemenda var sama sinnis. Um helmingur beggja hópa taldi að gæðin væri svipuð (56% kennara og 45% nemenda) eða betri í samkenndum námskeiðum (5% kennara og 21% nemenda). ( $N_{\text{Kennarar}}=41$ , 91% svarhlutfall;  $N_{\text{Nemar}}=47$ , 68% svarhlutfall).

Athyglisvert var að meirihluti kennara (63%) taldi að gæðin á reglubundnum kennslustundum væru svipuð í samkenndum námskeiðum og þar sem staðnemum væri kennt sér á meðan eingöngu 38% nemenda voru sama sinnis. Um 37% kennara taldi reglubundnu tímana betri þegar staðnemar væru eingöngu en 44% nemenda. Enginn kennari en 18% nema töldu hins vegar reglubundnu tímana betri í samkenndum námskeiðum. ( $N_{\text{Kennarar}}=38$ , 84% svarhlutfall;  $N_{\text{Nemar}}=39$ , 57% svarhlutfall).

Fjallað er nánar annars vegar um staðlotur og hins vegar um reglubundnar kennslustundir í næstu undirköflum. Fjallað er um skipulag, mætingu og viðhorf nemenda og kennara.

### 5.1.2 Staðlotur, skipulag, mæting og samkennsla


Algengast er tvær staðlotur séu á misseri í hverju 10 ECTS námskeiði eða um 7 kennslustundir í hvorri lotu. Séu nemendur í fullu námi eiga þeir þá að mæta í 21 kennslustund og venjulega er þessum kennslustundum dreift á eina vinnuviku eða 5 daga. Staðlotur eru skipulagðar út frá því hvar nemendur, sem taka 30 ECTS á misseri og fylgja reglulegri námsframvindu í þriggja ára grunnnámi, eru staddir á námsferlinum. Þannig fá kennaranemar á 1. misseri tilteknar tvær vikur í staðlotum, nemar á 2. misseri aðrar tvær o.s.frv. Ef námsframvindan er ekki regluleg t.d. þegar nemar eru ekki í fullu námi eins og oft er með fjarnema þá geta staðloturnar sem þeir eiga að mæta í dreifst á fjórar vikur á hverju misseri í stað tveggja. Áður var þriggja ára kennaranám skipulagt sem fjögurra ára nám fyrir fjarnema en því var hætt skólaárið 2007–2008.

Samkvæmt þessari úttekt (sbr. töflu 2) var algengast að kennarar segðust bjóða upp á 14 kennslustundir samtals í tveimur staðlotum (49% kennara) en 37% minna (20% 7 tíma í einni lotu; 17% 8 tíma í tveimur) en 10% voru með 21 tíma samtals í þremur staðlotum og 5% annað fyrirkomulag. ( $N=41$ , 91% svarhlutfall). Um helmingur kennara (54%) taldi staðbundna kennslu í staðlotum fyrir fjarnema hafa verið hæfilega mikla á meðan 44% taldi hana of litla og 3% of mikla. ( $N=39$ , 87% svarhlutfall).

**Tafla 2. Fjöldi kennslustunda í staðlotum samkenndra námskeiða. Svör kennara.**


<i>Hvað voru margar kennslustundir í staðlotum í því námskeiði sem þú kenndir mest á? Á skólaárinu 2010–2011.</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>%</i>
7 samtals (3+4 í einni staðlotu/viku)	8	20%
8 samtals (4 tímar í tveimur staðlotum/vikum)	7	17%
14 samtals (3+4 í tveimur staðlotum/vikum)	20	49%
21 samtals (3+4 í þremur staðlotum/vikum)	4	10%
Annað	2	5%
Samtals	41	100%
Svarhlutfall:		91%

Nemendur og kennarar voru spurðir um hvað þeir teldu að dagafjöldi samtals í staðlotum ætti að vera mikill í einu námskeiði. Niðurstöður má sjá á mynd 4.



Mynd 4. Viðhorf nema og kennara til skipulags staðlotna (dagafjölda í námskeiði á misseri).

Um tveir þriðju hlutar (67%) nemenda töldu að dagafjöldinn ætti að vera 2–5 dagar, 40% 2–3 og 27% 4–5, en 16% taldi að það ætti að nota færri daga, þar af 7% að það ættu ekki að vera neinar staðlotur á meðan 18% taldi að það ættu að vera fleiri dagar í staðlotum (N=45, svarhlutfall 65%). Álíka hátt hlutfall kennara (64%) vildi 2–5 daga en þar voru þó mun fleiri í hópi kennara en nema sem töldu 4–5 daga hæfilega marga (43%) en 21% 2–3 daga (N=42, svarhlutfall 93%). Nemendur og kennarar voru einnig spurðir um hversu oft ætti að hafa staðlotur. Niðurstöður má sjá mynd 5.



Mynd 5. Viðhorf nema og kennara til skipulags staðlotna (hversu oft á að hittast).

Ekki nema 6% nemenda vildi hittast í staðlotum oftar en tvisvar á misseri í hverju námskeiði (N=47, svarhlutfall 68%). Algengasta svarið í kennarahópnum (36%) var tvö skipti eins og í

nemendahópnum en næstalgengast var hins vegar þrjú skipti sem 26% kennara vildu sjá og 24% kennara taldi mánaðarlega mætingu hæfilega. Enginn kennari taldi eitt skipti nóg en 7% kennara merkti þó við að eitt skipti í upphafi náms og engin mæting eftir það væri gott skipulag (N=42, svarhlutfall 93%).

Í könnuninni voru nemendur og kennarar spurðir um mætingu í staðlotur. Eins og sjá má í töflu 3 var um tveir þriðju hlutar nemenda (66%) sögðust alltaf mæta í staðlotur og 26% yfirleitt, á meðan 6% sagði það misjafnt eftir námskeiðum og 2% sagðist mæta sjaldan. Svör kennara eru í töflu 4. Um 59% kennara mat mætinguna mjög góða (90–100% mæting) eða góða en 29% taldi hana misjafna eftir námskeiðum og 12% mat mætinguna sem lélega eða mjög lélega (með innan við þriðjungs mætingu). Vel yfir helmingur kennara (58%) taldi að það ætti að vera skyldumæting í staðlotur, 25% taldi að það ætti að vera skyldumæting í sumar staðlotur en ekki aðrar en 18% vildi enga skyldumætingu (N=40, svarhlutfall 89%).

**Tafla 3. Mæting nema í staðlotur. Svör nema.**

<i>Hvernig er mæting þín í staðlotur?</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>%</i>
Hef alltaf mætt	31	66%
Hef yfirleitt mætt	12	26%
Misjafnt eftir námskeiðum	3	6%
Hef sjaldan mætt	1	2%
Hef aldrei mætt	0	0%
Samtals	47	100%

Svarhlutfall: 68%

**Tafla 4. Mæting nema í staðlotur. Svör kennara.**

<i>Hvernig er mæting nemenda í staðlotur?</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>%</i>
Mjög góð mæting (90–100%)	8	19%
Góð mæting	17	40%
Misjafnt eftir námskeiðum	12	29%
Léleg mæting	3	7%
Mjög léleg mæting (innan við þriðjungur)	2	5%
Total	42	100%

Svarhlutfall: 93%

Skipulag staðlotna í samkenndum námskeiðum var þannig hjá flestum að fjar- og staðnemum var kennt saman (69%), misjafnt eftir námskeiðum hjá 24% kennara en yfirleitt ekki hjá 7% (N=42, 93% svarhlutfall). Þeir nemendur sem höfðu reynslu af að sækja staðlotur með fjarnemum voru margir hverjir ánægðir eða mjög ánægðir (50%) en þó höfðu 44% misjafna reynslu og 6% voru óánægðir eða mjög óánægðir (N=34, 49% svarhlutfall).

Það var greinilegt á svörum kennara við opnum spurningum í könnuninni að fyrirkomulag á staðlotum var þeim mikið áhyggjuefni. Þeim fannst vera mjög erfitt að fella staðlotutíma þar sem báðir hópar áttu að mæta að reglubundinni stundaskrá staðnema og því höfðu miklir árekstrar verið til vandræða bæði fyrir kennara og nemendur:



Algjört skipulagsleysi ríkir í stundatöflugerð fyrir staðlotur. Það brýtur frammar öðru niður virðingu nemenda fyrir þeim.

Misjafnar skoðanir voru á því hvernig ætti að bregðast við og vildu sumir kennarar fjölga staðlotum og gera stífari kröfur um skyldumætingu á meðan aðrir lögðu til að staðlotur yrðu felldar niður. Margir lögðu áherslu á að eðli námsgreina væri mismunandi og fyrirkomulag þurfi því að vera breytilegt eftir þörfum hverju sinni eins og hér kemur fram:

Staðlotur eru mikilvægar fyrir verklega þætti og grunnhugmyndir námskeiðs sem og að kennaranemar taki þátt í hópvinnu, stórra og lítilla hópa.

Það þarf að huga betur að sérstöðu greina. Þegar um verklega grein er að ræða þá verður að gefa meiri tíma í staðlotur en hefur verið og fleiri lotur. Þegar margir kennarar eru á námskeiði og allir vilja hitta nemendur þá verða sumir útundan eða fá allt of lítinn tíma.

Í svörum nemenda við opnum spurningum er kvartað yfir árekstrum í staðlotum en einnig að það sé dýrt að koma í staðlotur og að stundum séu þær skipulagðar þannig að það mætti allt eins senda þær út á netinu.

Það er dýrt að sækja staðlotur og staðlotur í sumum fögum eiga það til að rekast á og einnig eru þær því miður ekki nægilega SAFARÍKAR og vel uppbyggðar til að það taki því að vera að mæta.

Einnig ef á að halda áfram með staðlotur að gera fjarnemum kleift að sækja þær í gegnum t.d fjarfundarbúnað þekkingarsetra landsins eða nota fundaherbergi á netinu.

Í reynd ætti að leggja þær niður og taka frekar upp nokkara tíma á hverri önn þar sem kennt er á rauntíma í gegnum búnað með hjálp netsins. Ásamt því að hafa meira af gagnvirkum æfingum og kennslu.

Hafið staðlotur aðskildar frá staðnemum og takið upp fyrirlestra með talglærum. Hafið aðskilda hópa á blakki (Blackboard) ef þið kjósið að nota þann samskiptavef. Ef þetta er gert þá myndi það hjálpa mikið til að skapa ánægju hjá nemum.


Í viðtölum gagnrýndu nemendur staðlotufyrirkomulagið og nefndu nokkrir staðnemar að væntingar stað- og fjarnema væru ekki þær sömu þegar komið er í staðlotur og því væri kannski betra að skipta þeim að hluta. Annars var skoðun þeirra á staðlotunum mjög misjöfn og komu fram mörg ólík sjónarhorn varðandi mikilvægi þeirra. Fjarnemarnir voru almennt sammála um mikilvægi þess að mæta í staðlotur. Þeim fannst þó að oft væri illa farið með dýrmætan tíma þegar honum var varið í það sem þeim fannst ónauðsynlegt s.s. óformlegt spjall. Þeir sögðu að það kæmi of oft fyrir að kennarar væru óskipulagðir og jafnvel að öll dagskrá staðlotu væri kynning á verkefnum nemenda sem hægt væri að kynna á Blakki. Nokkrum fannst staðloturnar gagnslausar og að of dýrt væri fyrir fólk utan af landi að mæta í lotur sem það græddi ekkert á. Einn viðmælandi talaði um staðlotur sem tóku heila viku en aðeins voru kenndir um tveir tímar á dag og taldi að hér væri hægt að þjappa efninu betur saman.

Sumum nemendum sem rætt var við fannst óþarfi fyrir staðnema að mæta í loturnar því þær væru byggðar meira upp fyrir fjarnema. Margir tóku undir það sjónarhorn að kennslan í staðlotum væri byggð á þörfum fjarnema. Sem dæmi var nefnt að oft kæmu spurningar frá fjarnemum sem búið væri að fara í með staðnemum þannig að þeim finnst þá tíma sínum illa varið.

Í viðtölunum kom fram að það sem nemendur töldu vera mikilvægasta þáttinn við að mæta í staðlotur var að byggja upp félagsleg tengsl, sérstaklega í upphafi námskeiðs. Ef ætlast væri til samvinnu nemenda væri gott að vera búin að kynnast einhverjum því það er óþægilegt að vinna með þeim sem maður þekkir ekkert.


### 5.1.3 Staðkennsla – reglubundin kennsla

Í könnuninni voru kennarar beðnir um að tiltaka einingafjölda þess samkennda námskeiðs sem þeir kenndu mest á skólaárið 2010–2011. Í 89% tilvika (N=38, svarhlutfall 84%) nefndu kennarar 10 ECTS námskeið. Vettvangseiningar voru hluti af viðkomandi námskeiði í um 66% námskeiða (jöfn dreifing, 2, 3, 4 eða 6) (N=38, svarhlutfall 84%). Algengast var að kennslan væri skipulögð þannig að 3–7 kennslustundir voru í viku en þannig var það hjá 88% svarenda (18% 3 tíma, 30% 4, 9% 5, 12% 6 og 18% 7) (N=33, 73% svarhlutfall). Misjafnt var hvað margar vikur voru með reglubundinni kennslu og þar hefur mismunandi fjöldi vettvangseininga meðal annars áhrif. Samtals voru um 54% sem sagði 9–11 vikur (13% 9 vikur, 25% 10, 16% 11) en í um 31% tilvika var kennt í fleiri vikur (9% í 12 vikur, 16% í 13 og 6% í 2). Í um 15% tilvika var kennt í færri vikur en níu (3% í 4 vikur, 3% í 6, 3% í 7 og 6% í 8). (N=32, 71% svarhlutfall). Meirihluti kennara (61%) taldi að reglubundin staðkennsla fyrir staðnema hefði verið hæfilega mikil en 37% taldi hana of litla og 3% of litla (N=38, svarhlutfall 84%). Kennarar töldu yfirleitt að það ætti að kenna 3–4 kennslustundir í viku (53%) eða jafnvel meira en fjórar (39%), en 8% taldi 1–2 að staðaldri á viku væri hæfilegt (N=38, 84% svarhlutfall), sjá mynd 6.



Mynd 6. Svör nema og kennara við spurningu um kennslustundafjölda samtals í staðkennslu á einu misseri: Hvað finnst þér að hann eigi að vera mikill á einu námskeiði að staðaldri á viku (ein kennslustund = 40 mín.)?

Svör nemenda voru á svipuðum nótum, 64% vildi 3–4 kennslustundir, en 21% vildi meira en fjórar á viku og 15% vildi eina til tvær (N=39, svarhlutfall 57%). Kennarar vildu nær allir hafa reglubundna kennslu tvisvar í viku (58%) eða vikulega (34%). (N=38, svarhlutfall 84%). Svipað gildi um nemendur, 72% vildi hafa reglubundnar kennslustundir tvisvar í viku og 23% vikulega. (N=39, 57% svarhlutfall). Sjá mynd 7.



**Mynd 7. Svör nema og kennara við spurningunni: Hvernig dreifingu á reglubundnum kennslustundum viltu helst? Í hverju námskeiði vildi ég að staðaldri hafa kennslustundir:...**

Nemendur og kennarar voru spurðir um mætingu í reglubundnar kennslustundir. Sjá svör í töflum 5 og 6.

**Tafla 5. Mæting nema í reglubundnar kennslustundir. Svör nema.**

Hvernig er mæting þín í reglubundnar kennslustundir?	Fjöldi	%
Mæti alltaf	15	38%
Mæti yfirleitt	18	46%
Misjafnt eftir námskeiðum	5	13%
Mæti sjaldan	1	3%
Mæti mjög sjaldan eða aldrei	0	0%
Samtals	39	100%

Svarhlutfall: 57%

**Tafla 6. Mæting nema í reglubundnar kennslustundir. Svör kennara.**

Hvernig er mæting nemenda í reglubundnar kennslustundir?	Fjöldi	%
Mjög góð mæting (90–100%)	4	11%
Góð mæting	13	34%
Misjafnt eftir námskeiðum	13	34%
Léleg mæting	4	11%
Mjög léleg mæting (innan við þriðjungur)	4	11%
Samtals	38	100%

Svarhlutfall: 84%

Nemendur sögðust mæta alltaf (38%) eða yfirleitt (46%) í reglubundna tíma en 13% sagði það vera misjafnt eftir námskeiðum og 3% sögðust sjaldan mæta. (N=39, svarhlutfall 57%). Mun hærri hlutfall kennara taldi mætinguna hins vegar vera misjafna eftir námskeiðum (34%), lélega (11%) eða mjög lélega (11%). Kennarar lýstu áhyggjum sínum yfir mætingu í reglubundna staðkennslu í viðtölum og rekja hana að sumu leyti til aukinnar miðlunar námsefnis í námsumhverfi á netinu.


Mæting hefur verið áhyggjuefni – einnig mikil óstundvísi.

Þegar maður sinnir fjarkennslu mjög vel og fjarkennslugögnin eru komin á svæði staðnemanna líka, hætta nemendur í staðnámi að mæta ef ekki er skyldumæting.

Veturinn í vetur var hræðilegur, því nemendur í staðnámi hurfu nánast af sjónarsviðinu. Maður þurfti að auglýsa sérstaklega dagskrána (af hverju þeir myndu missa) til að fá nemendur til að mæta.

Spurt var hvort fjarnemar mættu í reglubundna tíma með staðnenum. Helmingur nema sagðist aldrei mæta, 17% sjaldan, 11% að það væri misjafnt eftir námskeiðum og 13% nokkrum sinnum (N=46, svarhlutfall 67%). Svipaðar niðurstöður voru meðal kennara. Um 73% sögðu að fáir eða mjög fáir fjarnemar nýttu sér að mæta, 18% taldi það misjafnt eftir námskeiðum en 8% taldi að margir nýttu sér það (N=38, svarhlutfall 84%).

Meirihluta nemenda (56%) var ósáttur eða mjög ósáttur við að samkennsla gæti haft í för með sér fækkun reglubundinna kennslustunda, en 36% taldi það misjafnt eftir námskeiðum hvort það skipti máli og 8% voru sáttir við slíka þróun. (N=39, 57% svarhlutfall). Að sama skapi voru 44% kennara ósáttir eða mjög ósáttir hvað þetta varðaði, en 47% taldi það misjafnt eftir námskeiðum og 8% var sáttur við fækkun (N=38, 84% svarhlutfall). Sjá mynd 8.



Mynd 8. Fækkun kennslustunda. Svör nema og kennara við spurningunni: Hvert er viðhorf þitt? Samkennsla getur haft það í för með sér að reglubundnum kennslustundum fækkar.

Í svörum við opnum spurningum kemur fram að kennurum finnst mikilvægt að reglubundin staðkennsla sé ekki minnkuð umfram það sem orðið er.

Ítreka mikilvægi þess að halda inni þeim tíma sem er nú þegar í reglubundinni staðkennslu.

Þau sjónarmið heyrast líka að þau tengsl sem nauðsynlegt sé að til verði á milli nemenda og kennara og nemenda sín á milli svo að rækta megi frjótt námssamfélag náist miklu síður í fjarnámi og því sé staðkennsla æskilegra námsform.

Held að staðkennsla sé æskilegra námsform vegna þeirra tengsla sem myndast í hópum sem eru að sinna sömu verkefnum.

Tengslin og samskiptin eru mikils virði; þroskast ekki gagnvart mörgum fjarnemum.

Þegar samkennsluformið var tekið upp gat það haft í för með sér fækkun kennslustunda í reglubundinni staðkennslu þó að svo þyrfti ekki að vera. Í viðtölum við kennara á átta námskeiðum kom fram að algengast var að kennslan væri skipulögð þannig að þrjár kennslustundir væru kenndar einu sinni í viku þær vikur sem kennaranemar voru ekki í vettvangsnámi. Við þetta bættust 7 tímar í tveimur staðlotum sem staðnemar og fjarnemar sóttu saman. Í fjórum þeirra námskeiða sem til umræðu voru í viðtölum við kennara fengu nemendur þannig 6–7 kennslustundir á viku í 10 ECTS námskeiði, í tveimur námskeiðum fengu þeir 9 kennslustundir og í tveimur námskeiðum voru kenndar 4,5 kennslustundir eða færri á viku.

Í svörum við opnu spurningunum kom fram mikil óánægja staðnema með hversu fáar kennslustundir þeir fengju eftir að samkennsluformið var tekið upp og þær raddir heyrast að svona lítil reglubundin kennsla ýti undir að nemendur velji sér fremur að vera fjarnemar.

Mjög slæmt að kennarar velja oft að draga úr staðkennslunni.

Tímum fækkar svo mikið í heildina og þar af leiðandi fækkar fólki á göngum skólans og maður á í minni samskipti við samnemendur sína. Fólk sem er í staðnámi er í því til þess að læra upp í skóla og eiga mannleg samskipti!

Tímar orðnir of fáir, sem staðnemi er ég í skólanum 1–2 daga í viku í 100% námi – gæti allt eins verið í fjarnámi.

Ég sótti í staðnám til að byrja með því ég vildi hafa samskiptin við kennarana í skólanum og hafa þannig líka aðhaldið eftir langa fjarveru frá skóla en eftir þetta ár er ég að hugsa um fjarnám þar sem tímakennslan í skólanum er nánast engin allavega þetta misserið. Þessi skortur á tímakennslu hefur þó ekki bitnað á námsárangri mínum svo ég get ekki sagt annað en að þessi samkennsla hafi komið vel út.

Nemendur lýsa einnig áhyggjum sínum af að þessi niðurskurður á tímum hafi áhrif á gæði kennaranámsins, ekki síst í námsgreinum sem kalla á verklega þjálfun.

Með þessu fyrirkomulagi og niðurskurði í kerfinu er frekar búið að þrýsta á staðnema til að vera í fjarnámi. Það hefur í mörgum áföngum vantað mikið uppá að nemum sé gefinn kostur að mæta og hittast í umræðum, því umræður á netinu koma aldrei í staðinn.

Sérstaklega hefur þetta verið slæmt í verklegum áföngum þar sem þeir sem hafa skráð sig í staðnám hafa fengið örfáa tíma en annars er þetta sjálfsnám heima. Þetta skilar sér að mínu mati í verri kennslu og þar af leiðandi verri útskrifuðum kennurum.

Það er gott mál að hafa samkenndu þannig að fjarnemar hafi aðgang að staðnemum, en það má ekki neyða staðnema í fjarnám. Ef ég vil vera í námi þar sem ég þarf ekki að mæta í tíma og tala bara við samnemendur og kennara á netinu, þá skrái ég mig í fjarnám. Það er svo mikilvæg og dýrmæt reynsla að hitta aðra nemendur og ræða málín í persónu að það má ekki taka það af þeim sem hafa kost á því að mæta.

Sérstaklega ekki í verklegum greinum þar sem allir geta lært af mistökum annarra og hugmyndaflæðið fer á fullt þegar listgreinanemendur sitja saman að vinna og spjalla.

Samkenndu verður yfirleitt að fjarkennslu en ekki öfugt, sem verður oftast en ekki að verri kennslu þar sem aðhaldið er verra hjá kennurum og nemendum sem eru skráðir í staðnám skráðu sig í staðnám að ástæðu.

Í svörum við opnum spurningum lýsa kennarar svipuðum áhyggjum af þróun sem orðið hefur bæði vegna samkenndu og niðurskurðar á kennslutíma og af svörum að dæma telja þeir að þessi þróun leiði til verri kennslu og sömuleiðis að álag á kennara við þessar aðstæður sé óviðunandi.

Vegna samkenndunnar hefur tímum sem námskeiðið fær fækkað til viðbótar við aðrar skerðingar. Þetta kemur niður á gæðum kenndunnar og ekki síst námsmatsins. Þrátt fyrir að ég hafi tekið þá ákvörðun að skera ekki niður kenndustundir í staðnámi (og fæ þ.a.l. ekki borgað að fullu fyrir mína vinnu þar) þá varð ég að skera námsmatið niður; þ.e.a.s. leiðsagnarhluta þess, en það hefur alltaf vegið nokkuð mikið hjá mér. Ég segi hér ofar að gæðin séu svipuð, en það er fyrst og fremst vegna þess að ég hef ekkert skorið niður í kenndunni og kennt þessi námskeið eins og engin skerðing hafi átt sér stað (nema hvað varðar leiðsagnarmatið)! En slíkt getur ekki og má ekki ganga til lengdar. Mér er ekki sama hvernig staðið er að kenndu í kenndufræðinni (en það er mitt sérsvið) og það er EKKI hægt og á ekki að kenna kenndufræði nánast sem lesnámskeið. Þar eiga að fara fram umræður og þælingar og lestur og þælingar og ígrundun og upprifjanir frá eigin skólagöngu og samanburður við það sem framsækið getur talist í skólastarfi – og slíkt gerist ekki með sama hætti á netinu. Það á sér auðvitað stað að einhverju marki á netinu – en ALDREI eins og þegar fólk hittist augliti til auglitis í umræðum og þælingum!!! Og það vil ég ekki skerða.

Það vinnumagn sem nú er veitt til kenndu dugur ekki til að skila sómasamlegri kenndu. Þetta er mjög alvarlegt vandamál – og er að stórskaða kenndu og þjónustu á sviðinu.

Líta á námskeiðin sem námskeið fyrir fólk með sveigjanlegar þarfir þ.e. ekki útiloka þá sem kjósa að mæta ekki í tíma en heldur ekki að yfirkeyra kennara á vinnu þeirra vegna eins og raunin er. Stöðugt til staðar, stöðugt að leiðbeina, stöðugar kröfur um sérmeðferð vegna aðstæðna o.s.frv. Ég vil sannarlega að fólk hafi aðgang að fjölbreyttum námskostum en finnst vinnan sem dembt er á kennara þess vegna ómannúðleg.

Það er greinilegt af svörum nemenda og kennara í viðtölum svo og svörum við opnum spurningum að það er margt í sambandi við fyrirkomulag á staðbundinni kennslu, hvort heldur reglubundinni kennslu eða kennslu í staðlotum sem þarf að velja betur fyrir sér. Í lok fyrsta skólaársins þar sem staðkennslan varð meginregla gefa raddir nemenda og kennara til kynna að margir hafi áhyggjur af þróuninni og telji að margt sé að athuga við skipulagið eins og það var þetta fyrsta ár.


## 5.2 Notkun tækni

Nokkuð löng hefð er fyrir því í kennaranámi á Menntavísindasviði og áður í KHÍ að nota ýmsa tæknimöguleika til stuðningsins við nám og kennslu bæði fyrir fjarnema og staðnema. Í samkennsluforminu er netið mikilvægt verkfæri til miðlunar efnis og samskipta. Í könnun var spurt um hversu víðtæka reynslu nemendur og kennarar hefðu af helstu möguleikunum sem höfðu verið notaðir, þ.e. upptökum af kennslu og vefumræðum (umræðuþráðum á neti, ekki í rauntíma). Einnig var spurt um kennslu í rauntíma á neti. Þá var spurt um ýmsa aðra tæknimöguleika. Eins og mynd 9 sýnir eru upptökur af kennslu og vefumræður algengar en kennsla í rauntíma á neti sjaldgæf. Nánar er greint frá reynslu af þessum möguleikum hér á eftir.


### 5.2.1 Upptökur

Eins og sést á mynd 9 þá var mikill meirihluti kennara (73%) sem sagðist gera upptökur af kennslu sem nemendur fengju aðgang að á netinu í flestum námskeiðum sem þeir kenndu, 16% sögðu það vera misjafnt eftir námskeiðum. Um 2% sagðist hafa gert þetta í örfáum námskeiðum og 9% kennara höfðu aldrei tekið upp kennslu (N=44, svarhlutfall 98%). Þessar niðurstöður endurspegluðust í svörum nemenda, um 78% sagðist hafa fengið aðgang að upptökum í flestum námskeiðum (5 eða fleiri), 16% í nokkrum (3–4) en 4% í örfáum og 1% í engum (N=68, 99% svarhlutfall).

Eins og sjá má á mynd 10 þá var algengast að kennarar gerðu upptökur með talglærum, þ.e. fyrirlestra án áheyrenda (71%) eða fyrirlestra með nemum í sal eða stofum (69%). En einnig hafði töluverður hópur kennara gert upptökur af skjá með tali og/eða mynd eða sýnikennslu (29%) og svipað hlutfall tekið upp bekkjartíma í staðnámi með hljóð og/eða kvikmynd (27%). Þessar niðurstöður endurspeglast einnig í svörum nemenda, 94% þeirra hafði reynslu af fyrirlestrum með áheyrendum, 90% af talglærum og 2/3 hluti hópsins (67%) hafði reynslu af upptökum af skjá og sama hlutfall af bekkjartímaupptökum.



Mynd 9. Nýting tæknimöguleika í námskeiðum.<sup>16</sup>




Mynd 10. Reynsla af mismunandi tegundum af upptökum á kennslu. Hlutfall nema og kennara sem hefur reynt.

Einnig var samhljómur hjá nemendum og kennurum um hvers konar upptökur féllu best í kramið (sjá mynd 11): 92% nemenda líkaði vel eða mjög vel við talglærur (N=63, svarhlutfall

<sup>16</sup> Nemendur voru spurðir: Hefur þú fengið aðgang að upptökum af kennslu á netinu? Í flestum námskeiðum (5 eða fleiri); Í nokkrum námskeiðum (3–4); Í örfáum námskeiðum (1–2); Aldrei verið í boði í námskeiðum sem ég hef tekið. Kennarar voru spurðir: Hefur þú gert upptökur af kennslu og gefið nemendum aðgang að þeim á netinu? Í flestum námskeiðum sem ég kenni; Misjafnt eftir námskeiðum; Í örfáum námskeiðum; Hef aldrei tekið upp kennslu í námskeiðum sem ég kenni. Svipaður munur í orðalagi varðandi vefumræður og kennslu í rauntíma á neti.



91%) og 62% kennara voru sama sinnis (N=37, svarhlutfall 82%). Um 87% nema líkaði við upptökur af skjá (N=54, svarhlutfall 78%) og sama gildi um 82% kennara (N=17, svarhlutfall 38%). Þá var um 82% nema sem líkaði við upptökur af fyrirlestrum með áheyrendum (N=67, svarhlutfall 97%) en um 57% kennara (N=39, svarhlutfall 87%).



Mynd 11. Ánægja/óánægja nema og kennara með mismunandi tegundir af upptökum í kennslu.

Á hinn bóginn komu bekkjartíma-upptökur mun verr út. Innan við helmingi (47%) nemenda líkaði vel eða mjög vel við þær (N=56, svarhlutfall 81%). Þessi tegund af upptökum kom einnig verst út hjá kennurum, af þeim 28 (svarhlutfall 62%) sem mátu slíkar upptökur var bara 32% sem líkaði þær vel eða mjög vel á. Hugsanlega gefa lægri hlutfallstölur meðal kennara en nemenda vísbendingu um að upptökum fylgir yfirleitt töluverð vinna, skipulag og stundum tæknivandamál.

Þrír af þeim níu kennurum sem rætt var við í viðtölum sögðust almennt gera upptökur í tímum en þrír þeirra sögðust heldur vilja gera upptökur af fyrirlestrum í næði án áheyrenda. Sumir sögðust setja fyrirlestra sína á netið fyrir kennslustundir og ætlast þá til að nemar hlustuðu á þá fyrir tímana sem voru þá frekar notaðir til samræðna um efnið. Tveir eða þrír af þeim níu kennurum sem talað var við notuðu ekki upptökur með eigin tali til að senda nemendum fyrirlestra eða annað kennsluefni haustið 2010.

Staðnemar gagnrýndu þá aðferð að gera upptökur sem nemendum var ætlað að hlusta á fyrir kennslustundir og fanns það ókostur „...að fá ekki fyrirlestra á staðnum (í staðnámi) og hafa möguleika á því að spyrja kennara spurninga í rauntíma.“

Asnalegt að fyrirlestrarnir séu ekki í tímum fyrir þá sem eru í staðnámi.

Fyrir mitt leyti myndi ég vilja mæta á staðinn í fyrirlestra. Það er ekki að ástæðulausu sem ég valdi að vera í staðnámi. Fyrir mitt leyti er það meira virði að fá fyrirlestra í rauntíma og á staðnum. Alla vega þar sem það hefur verið og er mun auðveldara fyrir mig persónulega að einbeita mér að efninu og ein helsta ástæða þess að ég valdi

staðnám. Ég tel þó raunar kost að geta hlustað á fyrirlestra ætlaða fjarnemum en þá aðeins sem viðbót við hitt.

Í svörum fjarnema við opnum spurningum kom fram að þeim fannst upptökur betra kennsluefni en svokölluð kennslubréf sem voru gjarna notuð áður en upptökutæknin varð almenn.

Mér finnst kennarar oft leggja meira upp úr því að kenna staðnemunum og taka ekki upp fyrirlestra svo það er mun erfiðara fyrir fjarnema að skilja efnið.

Lenti í því núna í upphafi skólaársins að einn kennari ætlaði ekki að taka upp fyrirlestra og stundum gerist það ennþá, þá skrifar hún bréf s.s. úrdrátt úr því sem rætt var um í tímanum. Eins og núna fyrir prófið. Mér fannst það slæmt, hefði viljað hlusta á þann tíma og heyra spurningar frá staðnemum um prófið.

Í nemendaviðtölum nefndu fjarnemar líka að oft hefði verið erfitt og langdregið að hlusta á fyrirlestra tekna upp í tímum þegar spurningar voru leyfðar. Þeir sögðu að þegar spurt væri úti í sal þá heyrðist spurningin ekki og of fáir kennarar endurtæjku hana í hljóðnemann. Við þessar aðstæður getur verið erfitt að fylgjast með þar sem kennarinn svarar spurningum sem sá sem hlustar á upptökuna heyrði aldrei. Þegar svona var gat það tekið of langan tíma að hlusta á fyrirlestur þar sem spurningar voru leyfðar á milli. Fram kom að nemendum fannst betra þegar spurningar voru bara leyfðar í lokin. Í viðtölunum kvörtuðu staðnemar einnig undan því að upptökur af fyrirlesturum í kennslustundum trufluðu. Þeim fannst óþægilegt að vera á fyrirlestri sem var t.d ekki mjög fjölmennur og mega ekki spyrja þegar þeim datt það í hug og þegar spurningar voru svo leyfðar þá fannst viðkomandi stundin ekki vera sú rétta.

Í spurningakönnuninni voru nemendur spurðir hvort þeir teldu upptökur trufla reglubundna kennslu (N=39, svarhlutfall 57%), en þar voru ekki nema fjórir (10%) sammála en 13% alveg sama og 77% ósammála eða mjög ósammála. Hugsanlega kunna staðnemar að meta að geta haft aðgang að upptökum síðar t.d. ef þeir missa af tímum. Það er heldur ekki alltaf sem gerðar eru upptökur í tímum. Mörgum kennurum virðist hins vegar finnast truflandi að þurfa að sinna upptökum í reglubundnum kennslustundum því 57% þeirra var sammála því að upptökur í tíma trufluðu kennslustundir, 24% var sama en 19% voru ósammála (N=37, 82% svarhlutfall).

### 5.2.2 Vefumræður

Annar samskiptamöguleiki sem er mikið nýttur á netinu er vefumræður, þ.e. umræðuþræðir um ákveðið efni opnir í tiltekinn tíma í námsumsjónarkerfinu. Um 53% nemenda sögðust hafa reynslu af þessu í flestum af sínum námskeiðum (5 eða fleiri) og 36% í sumum, 9% í örfáum en 2% sagði það ekki hafa verið í boði í sínum námskeiðum (N=66, svarhlutfall 96%). Þarna var munur eftir hópum, allir fjarnemar höfðu reynslu af þessu í flestum (69%) námskeiðum en bara 32% staðnema og 53% nema sem voru ýmist í stað- eða fjarnámi (marktækur munur kí-kvaðrat=19,06,  $p<0,005$ ). Það var líka meirihluti kennara, eða 70%, sem sögðu að þeir skipulegðu slíkar umræður í flestum námskeiðum, 9% sagði að það væri misjafnt eftir námskeiðum, 9% í örfáum námskeiðum og 12% sagðist aldrei nota þær (N=43, 96% svarhlutfall).

Um 54% nemenda líkaði þessi samskiptamáti vel eða mjög vel, 25% hvorki vel né illa, en 21% illa eða mjög illa (N=63, 91% svarhlutfall). Viðhorf meðal kennara eru svipuð, 58% líkaði vefumræður vel, 34% hvorki vel né illa en 8% illa eða mjög illa. (N=38, svarhlutfall 84%). Um þriðjungur kennara (32%) hafði yfirleitt alltaf látið vefumræður gilda sem hluta af lokaeinkunn, 49% sagði það misjafnt eftir námskeiðum en 19% létu þær yfirleitt ekki vera hluta af námsmáti (N=37, svarhlutfall 82%).

Í viðtölum sögðust kennarar yfirleitt skipuleggja umræðu fyrir fjarnema í námsumhverfinu á Blackboard en flestir kvörtuðu yfir að það gengi illa að fá þá til að taka virkan þátt í umræðunni. Sumir kennarar gerðu ráð fyrir að staðnemar tækju líka þátt í umræðunni á netinu og lögðu áherslu á að skapa eitt samfélag nemenda þar sem bæði fjar- og staðnemar væru þátttakendur. Í því tilviki var lítil virkni líka vandamál. Í nemendaviðtölum kom fram að kennarar væru ekki duglegir að nýta sér möguleika sem umræður á vef gæfu í kennslu og vantaði oft upp á að þeir leiddu umræður eða héldu þeim gangandi.

Einn nemandi kemur eftirfarandi athugasemd á framfæri í svari við opinni spurningu:

„Umræður“ fjarnema eru á köflum eitthvað það fjarrænasta form tjáningar sem fyrirfinnst – ekki formsins vegna, heldur innihaldsins. Eða innihaldsleysis. Ætla má að venjulegir miðstignemendur geti verið andríkari en verðandi kennarar ef miðað er við þessar „umræður.“

Fram kom í viðtölum við nemendur að misjafnt hafi verið eftir námskeiðum hversu mikil samskipti fóru fram á námskeiðsvefjunum á Blackboard (Blakki) og hversu mikils var ætlast til af nemendum. Fjarnemar notuðu umræðuþræðina á netinu meira en staðnemar þar sem oft var gert ráð fyrir að staðnemar tækju umræðuna í kennslustundum. Einn fjarnemi á fjölmennu námskeiði kvartaði undan of miklum umræðum og það væri tímafrekt ef maður ætlaði að lesa allt sem færi þarna inn og þess vegna væri betra að sundurgreina þetta meira en gert væri t.d. með því að aðgreina stað- og fjarnema.

Nemar fengu stundum afnot af eigin svæði á Blakki þar sem þeir gátu rætt saman í hópum. Það reyndist mörgum vel og í viðtölunum kom fram að þeim fannst það vera stuðningur í náminu. Ef þeir voru í vandræðum með eitthvað þá gátu þeir sett inn spurningu og henni var oftast svarað af samnemendum um hæl.

### 5.2.3 Rauntímasamskipti á neti

Kennarar voru spurðir hvort þeir hefðu reynslu af rauntímasamskiptum á neti með nemendum s.s. með hljóð- eða textaspjalli eins og í Skype eða sambærilegum forritum. Frekar lítið var um það. Um 74% kennara sagðist aldrei hafa slík samskipti í boði en 24% í örfáum námskeiðum og 2% svaraði að það væri misjafnt eftir námskeiðum (N=42, 93% svarhlutfall). Helst var þá um að ræða munnleg próf (13% hafði reynslu af því) eða nemendakynningar (13%) en einnig var merkt við viðtöl við einstaka nemendur vegna vettvangsnáms (9%) eða aðstoðar við verkefni (9%). Einn kennari sagðist nota Skype við munnlega tjáningu og einn til að miðla fyrirlestur. Mat 11 kennara (svarhlutfall 24%) sem höfðu reynslu af að nota rauntímasamskipti var jákvætt, 72% líkaði það vel eða mjög vel.

Fáir nemendur merktu við að þeir hefðu reynslu af kennslu í rauntíma, 86% sagðist aldrei hafa verið í námskeiðum sem það var í boði en 12% í örfáum námskeiðum og einn nemandi sagði að það hefði verið í flestum (5 eða fleiri) (N=65, 94% svarhlutfall). Mat þeirra fáu nemenda sem höfðu reynslu af þessu var misjafnt (N=15, 22% svarhlutfall), 33% líkaði það vel, 47% hvorki vel né illa og 20% illa. Áhugavert var að eingöngu 17% höfðu mikinn eða mjög mikinn áhuga á að boðið væri upp á rauntímasamskipti á neti, 45% voru hlutlausir en 48% höfðu lítinn eða engan áhuga (N=60, 87% svarhlutfall). Þarna var marktækur munur á milli hópa. Þeir sem voru ýmist fjar- eða staðnemar virtust hafa meiri áhuga en hinir hóparnir (31% þeirra hafði mjög mikinn áhuga á rauntímasamskiptum en enginn stað- eða fjarnemi.

Fram hefur komið í kaflanum um staðlotur (5.1.2) hér að framan að nokkrir nemendur nefndu það í opnum spurningum að þeir vildu hafa þann kost að geta tekið þátt í staðlotum í gegnum fjarfundabúnað eða að netsamskipti af einhverju tagi væru notuð til að gefa fjarnemum kost á að taka þátt án þess að þurfa að leggja tíma og kostnað í löng ferðalög. Í næsta undirkafla kemur fram hvaða fleiri tæknimöguleikar voru notaðir við nám og kennslu skólaárið 2010–2011.

#### 5.2.4 Aðrir tæknimöguleikar

Nemendur og kennarar voru spurðir hvort þeir hefðu reynslu af ýmsum öðrum tæknimöguleikum sem bjóðast á netinu. Kennarar voru spurðir almennt en nemar voru spurðir hvort þeir hefðu reynslu af að nota viðkomandi tæknimöguleika í náminu t.d. í samskiptum/samvinnu nema innbyrðis eða við efnisöflun með eða án þátttöku kennara. Niðurstöður eru sýndar í Töflu 7. Í ljós kom að mjög stór hluti nema sagðist nota Facebook (68%) í þessum tilgangi, 58% GoogleDocs og 58% MSN. Einnig hafði stór hluti notað EndnoteWeb (42%), YouTube (33%) eða Skype (32%) en færri Dropbox (20%). Á hinn bóginn nýttu kennarar greinilega Skype mikið (58%), YouTube var þó nokkuð mikið notað (44%) en annað í minna mæli.

Tafla 7. Reynolds nema og kennara af tæknimöguleikum

Tæknimöguleiki	Kennarar %	Nemar %
GoogleDocs	22	58
Dropbox	27	20
Endnote Web	20	42
YouTube	44	33
Facebook	27	68
MySpace	2	1
Skype	58	32
MSN	13	58

Kennarar sögðu í svörum við opnum spurningum að þeir notuðu „gamla, góða símann með góðum árangri“ svo og „Skype við munnleg próf.“ En þeir segja líka að tæknin geti verið bæði tímafrek og truflandi.

Ég er mjög opin fyrir góðri tækni, en hún má ekki vera of tímafrek.

Tæknileg vandamál geta truflað samkennslu mikið og eru til vandræða bæði fyrir stað- og fjarnema.

Í viðtölum við nema kom fram að í verkefnavinnu hafi þeir aðallega notað tölvupóst til samkipta sín á milli. Nokkrir nefndu að þeir hefðu notað Facebook en þá aðallega til samskipta við þá sem þeir voru að vinna með verkefni hverju sinni en að þau hafi ekki stofnað hóp á Facebook sérstaklega til samvinnu vegna námsins. Aðeins tveir viðmælendur nefndu að þeir hefðu notað Google docs í verkefnavinnu.

### 5.3 Hversu mikla reynslu hafa nemendur og kennarar af samkennslu?

Nemendur voru spurðir um reynslu sína af samkennslu. Ekki var við því að búast að reynsla af samkennslu væri mikil þar sem það var fyrst skólaárið 2010–2011 sem það varð meginregla að samkenna staðnemum og fjarnemum. Þó ber að hafa í huga að það hafði verið tíðkað um nokkurt skeið að samkenna þessum hópum þegar um litla hópa var að ræða (sjá kafla 3).

Í ljós kom að meirihluti þeirra nema sem svöruðu könnuninni hafði reynslu af nokkrum samkenndum námskeiðum (3–5) eða 57% en 16% hafði meiri reynslu (6 námskeið eða fleiri). Aðrir sögðust hafa minni reynslu, 22% af einu til tveimur og 6% (4 einstaklingar, 1 fjarnemi og 3 staðnemar) sagðist hafa enga reynslu af samkennslu (N=69, 100% svarhlutfall).


Þar sem ekki hefur verið mikil endurnýjun í kennarahópnum á undanförunum árum, höfðu kennarar mikla reynslu af því að kenna námskeið með fjar- og staðnemum eingöngu. Svipað hlutfall (um 2/3 hlutar hópsins) hafði kennt 7 námskeið eða fleiri þegar hvort fyrirkomulagið var skoðað. 11% kennara höfðu enga reynslu af að kenna fjarnemum eingöngu og 7% höfðu enga reynslu af að kenna staðnemum eingöngu. Allir svarendur höfðu einhverja reynslu samkennsluforminu en eins og við var að búast voru mun færri komnir með reynslu af mörgum námskeiðum. Vel innan við helmingur kennaranna (44%) höfðu kennt 7 námskeið eða fleiri með samkennsluforminu, um 22% höfðu kennt 7–9 námskeið og 20% höfðu kennt 10 námskeið eða fleiri. Algengara var að reynslan væri af nokkrum námskeiðum (4–6), 31% eða örfáum námskeiðum (1–3). Sjá nánar í töflu 8 (N=45, svarhlutfall 100%).

**Tafla 8. Reynsla kennara af mismunandi námskeiðum (umsjón og / eða kennsla).**

<i>Hvað hefur þú haft umsjón með og/eða kennt á mörgum námskeiðum...?</i>	<i>Með fjarnemum eingöngu (%)</i>	<i>Með staðnemum eingöngu (%)</i>	<i>Þar sem bæði hafa verið skráðir fjar- og staðnemar (%)</i>
Engum námskeiðum	11	7	0
Örfáum námskeiðum (1–3)	11	13	27
Nokkrum námskeiðum (4–6)	11	13	31
Allmörgum námskeiðum (7–9)	22	16	22
Mörgum námskeiðum (10 eða fleiri)	44	51	20

## 5.4 Gæði samkennslu í samanburði við kennslu í aðskildum námskeiðum

Nemendur voru spurðir: Ef þú hefur reynslu af fjarnámi við Kennaradeild hversu ánægð(ur)/óánægð(ur) hefur þú verið með það? Kennarar voru spurðir: Ef þú hefur reynslu af fjarkennslu við Kennaradeild hversu ánægð(ur)/óánægð(ur) hefur þú verið? (Þ.e. reynslu af að kenna námskeið þar sem eingöngu eru skráðir fjarnemar). Sambærilegar spurningar voru um staðnám/kennslu og reynslu af samkenndum námskeiðum. Niðurstöður má sjá á mynd 12.




Mynd 12. Ánægja/óánægja kennara og nemenda með fjar-, stað- og samkennslu.

Á myndinni sést að um 61% nema voru ánægðir eða mjög ánægðir með staðnámið en um þriðjungur (34%) staðnema sagðist hafa misjafna reynslu (N=47, svarhlutfall 68%). Einungis tveir staðnemar lýstu yfir óánægju. Kennarar lýstu meiri ánægju með reynsluna af staðkennslu, 88% voru ánægðir eða mjög ánægðir og enginn óánægður en 12% með misjafna reynslu (N=42, svarhlutfall 93%). Meirihluti kennara var einnig ánægður með fjarkennsluna, 8% mjög ánægðir og 43% ánægðir en 45% höfðu þó misjafna reynslu og 6% óánægðir eða mjög óánægðir (N=40, svarhlutfall 89%). Svipaðar niðurstöður voru meðal nemanna, 55% voru ánægðir eða mjög ánægðir með það og aðeins tveir nemar voru óánægðir en yfir 40% eða 22 nemar lýstu misjafnri reynslu (N=53, svarhlutfall 77%). Mun meiri óánægja kom fram hjá bæði kennurum og nemum varðandi samkennd námskeið (sjá rauðan lit á mynd 3). Svör voru á þá leið að 20% kennara (N=45) og 18% nemenda (N=65) voru óánægðir eða mjög óánægðir. Um 4% kennara og 9% nema voru mjög ánægðir með samkennsluna, 20% kennara og 43% nema voru þó ánægðir en rúmur helmingur kennara (56%) kvað reynsluna misjafna og 29% nema (N<sub>nemar</sub>=65, 94% svarhlutfall, N<sub>kennarar</sub>=45, 100% svarhlutfall).

Þegar gæði námskeiða almennt voru borin saman (samkennd miðað við kennslu í aðskildum hópum) kom enn fremur fram að um 52% kennara og 38% nema taldi námskeiðin betri eða miklu betri ef hópunum væri ekki kennt saman, 44% kennara og 40% nemenda taldi gæðin svipuð en 4% kennara og 22% nemenda taldi gæði samkenndra námskeiða betri eða miklu betri en námskeið með aðskildum hópum. (N<sub>nemar</sub>=65, 94% svarhlutfall, N<sub>kennarar</sub>=45, 100%

svarhlutfall). Kennarar og nemar báru einnig saman gæði m.t.t. nokkurra þátta (sjá mynd 13), ( $N_{\text{nemar}}=64-65$ , 93–94% svarhlutfall,  $N_{\text{kennarar}}=45$ , 100% svarhlutfall).



**Mynd 13. Svör nema og kennara við spurningum um hvort gæði séu svipuð eða ólík varðandi námsefni, námsmat, kennslu samskipti og samvinnu kennara innbyrðis (K–K sam.), nemenda og kennara (K–N sam.) eða nemenda innbyrðis (N–N sam.)**

Á mynd 13 kemur fram að meirihluti kennara og nema telja gæði svipuð varðandi námsefni og námsmat og meirihluti kennara telur að samskipti og samvinna milli kennara sé svipuð. Á hinn bóginn hefur samkennduformið greinilega meiri áhrif á kennsluna og samskipti milli nema og kennara svo og samskipti og samvinnu nema innbyrðis. Minnihluti telur gæði vera svipuð hvað þessa þætti varðar. Í öllum spurningum hallar mjög á samkenndu hjá kennurunum. Afar fáir þeirra telja gæði meiri í samkenndum námskeiðum heldur en þegar fjarnám og staðnám er aðskilið. Á hinn bóginn virðast nemar blendnari í sinni afstöðu. Þó hallar töluvert á samkenndu hjá þeim varðandi samskipti nema og kennara, kennsluna almennt og samskipti nema innbyrðis.

## 5.5 Kostir og gallar við samkenndu

Nemar voru spurðir um helstu kosti samkenndu og gátu merkt við nokkrar staðhæfingar sem unnar voru upp úr viðtölum við nemendur (Rósa Harðardóttir, 2011). Í könnun kennara voru þeir kostir taldir upp og bætt við nokkrum möguleikum sem komið höfðu fram í viðtölum við kennara. Niðurstöður má sjá í töflu 9.

Í ljós kom að aðalkosturinn sem mest var merkt við í báðum hópum var fyrst og fremst tengdur hagkvæmni, þ.e. að námskeið myndu annars falla niður, 80% kennara og 84% nemenda merkti við þann kost.

Þá var einnig algengt að nemar merktu við að efni sem sett væri á netið fyrir fjarnema nýttist staðnemum líka (65%) og að fjarnemar og staðnemar gætu unnið saman í verkefnum (51%). En munur var á báðum þessum ástæðum eftir því hvernig nema um var að ræða. Um 40% fjarnemar en 79% staðnemar og 93% þeirra sem ýmist tóku fjar- eða staðnámskeið merktu við að efni sem sett væri á neti fyrir fjarnema nýttist staðnemum líka (marktækur munur,

$\chi^2(2,69)=15,70$ ,  $p<0,001$ ) en sambærilegar tölur fyrir samvinnu stað- og fjarnema voru 53%, 33% og 73% (marktækur munur,  $\chi^2(2,69)=6,05$ ,  $p=0,048$ ). Allstór hópur kennara merkti einnig við þessar ástæður (47% og 44%).

**Tafla 9. Helstu kostir samkennslu – Hlutfall nema og kennara sem velur hverja ástæðu.**

<i>Kostir við samkennslu</i>	<i>Kennarar (%)</i>	<i>Nemar (%)</i>
Námskeið í boði í samkennslu sem myndu annars falla niður vegna fárra nema	80	84
Efni sem sett er á net fyrir fjarnema nýtist staðnemum líka	47	65
Fjarnemar og staðnemar geta unnið saman í verkefnum	44	51
Víkkar sjóndeildarhringinn að fá sjónarmið bæði staðnema og fjarnema	27	49
Gott fyrir fjarnema að geta leitað til staðnema sem sækja tíma reglulega	ES	41
Reglubundin staðkennsla getur verið opin fyrir fjarnema (þá sem geta nýtt sér hana)	51	ES
Tækifæri til að þróa kennsluhætti	47	ES
Vinnusparandi fyrir kennara að halda utan um stað- og fjarnema á einum stað á netinu	44	ES
Tækifæri til að efla samfélag verðandi faggreinakennara	24	ES
Samkennsla hefur jákvæð áhrif á fjarnámið	20	ES
Samkennsla hefur jákvæð áhrif á staðnámið	7	ES

ES= Ekki spurt.

Um helmingur nema (49%) merkti við að það víkkaði sjóndeildarhringinn en rétt rúmur fjórðungur kennara töldu það kost. Margir nemar töldu að það væri gott fyrir fjarnema að geta leitað til staðnema sem sæktu tíma reglulega (41%). Tæpur helmingur taldi einnig að samkennsla gæti verið tækifæri til að þróa kennsluhætti (47%) eða að það gæti verið vinnusparandi (44%).

Um fjórðungur kennara taldi að samkennsla gæti verið leið til að efla samfélag verðandi faggreinakennara. Eingöngu 20% taldi að hún gæti haft jákvæð áhrif á fjarnámið og ennþá færri (7%) töldu áhrifin jákvæð á staðnám. Á hinn bóginn taldi rúmur helmingur kennara (51%) kost að reglubundin staðkennsla gæti verið opin fyrir fjarnema (þá sem gætu nýtt sér hana). Í því sambandi vekur athygli að í nemendakönnun kom fram að mjög lítt hluti nema hafði nýtt sér þetta (sjá umfjöllun í kafla 5.1.3 Staðkennsla – reglubundin kennsla).

Fram kom í viðtölum við nema að þeim fannst flestum að ekki væri um neinn ávinning að ræða af samkenndum námskeiðum og voru það fleiri staðnemar sem höfðu þá skoðun. Þeir sem töldu einhvern ávinning vera af samkennslunni nefndu þætti eins og fjölbreyttara sjónhorn, fleiri sem hægt væri að vinna með og auðveldara væri að kynnast fleirum af kjörsviðinu. Þetta svar úr opnum spurningum í spurningakönnun styður þetta:

Umræður inn á Blakki eru gjarnan opnar fyrir staðnema líka, þannig að þeir geta tekið þátt í umræðum við fjarnema og fengið kannski annað sjónarhorn á hlutina.



Nemendum fannst kostur að fyrirlestrar væru settir á námskeiðsvefinn á Blackboard sem nýtist staðnemum ekki síður en fjarnemum, það yki sveigjanleika í náminu og ákveðið öryggi væri í því. Margir staðnemar töldu að ávinningurinn væri örugglega meiri fyrir fjarnema og einn taldi að ávinningurinn væri örugglega bara fjárhagslegur fyrir HÍ. Einn fjarnemi nefndi að hann hafi verið heppinn þar sem hann vann verkefni með staðnema og ef hann var að missa einhverju var alltaf hægt að fá upplýsingar hjá honum.

Þrír af þeim kennurum sem rætt var við töldu ávinning af að mynda samfélag nema þar sem bæði staðnemar og fjarnemar væru þátttakendur og legðu sitt af mörkum. Þannig höfðu tveir faggreinakennarar sem kenndu saman lagt sig fram um að stuðla að því að til yrði samfélag verðandi faggreinakennara sem næði til allra nema á því kjörsviði með því að stuðla að kynnum nema á milli árganga t.d. með því að spila saman í hádeginu. Þeim fannst að það væri ávinningur að því að slá saman fjarnemum og staðnemum þar sem nemar á því kjörsviði höfðu verið svo fáir. Í þessu tilviki reyndist þó erfiðara að virkja fjarnemana fannst þeim, þar sem þeir væru yfirleitt í kennslu eða annarri vinnu á þeim tímum sem staðnemar hittust í skólanum. Til að auðvelda þeim þrátt fyrir þetta aðgang að samfélagi nema höfðu þessir kennara gert upptökur af þeim kynningum sem fram fóru í skólanum og sett á netið fyrir þá sem ekki komust á staðinn. Einn fjarnemi sagði í svari við opinni spurningu:

Það er mikill kostur fyrir þá fjarnema sem ekki eiga kost á að sækja tíma að hitta og eiga samskipti við staðnema.

Kennari sem vildi gjarna stuðla að því að nemar á námskeiðinu mynduðu eitt samfélag setti umræður á netinu upp þannig að þær voru opnar bæði fyrir staðnema og fjarnema. Reyndin varð þó sú að fjarnemar lögðu ekki mikið orð í belg þó að þeir fylgdust e.t.v. með (Kennarinn sagði að það væri tilfinning sín að þeir gerðu það). Annar kennari hvatti nema til að deila verkefnum sínum á Blakki en fylgdist ekki með hvort þeir gerðu það.

Aðrir kennarar sem við var rætt skipulögðu ekki verkefni með þeim hætti að gera ráð fyrir að staðnemar og fjarnemar ynnu saman og deildu verkefnum sínum eða að báðir hópar tækju þátt í umræðum á netinu. Þeim fannst yfirleitt betra að halda utan um skipulag með því að hafa fjarnema og staðnema aðskilda. Þegar námsumhverfi á neti sem áður var notað fyrir fjarnema var líka notað fyrir utanumhald og skipulag staðnema þá fannst kennurum það geta verið tímasparnaður og til hægðarauka að hafa allar upplýsingar fyrir nemendur um efni og skipulag aðgengilegt á einum stað.

Nemar kunnu líka að meta kosti þess að hafa aðgang að námsumhverfi á netinu eins og þessi dæmi úr opnu spurningunum gefa til kynna:

Gott að hafa öll námskeiðið á Blakki (þ.e. Blackboard), geta hlustað á fyrirlestra og fylgst með umræðum.

Fjar og stað er ágætt saman ef kennari gerir þá ráð fyrir bæði, setur þá kennsluna inná Blakk og svoleiðis.

Vil samt líka koma því á framfæri að mér hefur reynst það afar gagnlegt að geta hlustað á fyrirlestrana á netinu þegar mér hentar og upptökur af skjá og sýnikennslan

hjálpaði mér mjög mikið í upplýsingatækni og miðlun sérstaklega þar sem ég hef mjög litla tölvukunnáttu. Svo tilhögun námskeiðisins kom alveg frábærlega vel út.

En svo heyrast líka raddir sem finnst tækifærin sem bjóðast á netinu vannýtt:

Blakkur er nýttur sem einhverskonar geymslustaður fyrir efni. Það þarf að vera mun meiri gagnvirk kennsla. Kenna bara í staðnáminu, taka fyrirlestar upp... demba þeim á Blakk og svo þá er málið afgreitt.

Nemendur og kennarar voru einnig beðnir að merkja við helstu ókosti samkennslu í spurningakönnuninni. Niðurstöður má sjá í töflu 10.

**Tafla 10. Helstu ókostir samkennslu – Hlutfall sem velur hverja ástæðu.**

<i>Ókostir við samkennslu</i>	<i>Kennarar (%)</i>	<i>Nemar (%)</i>
Fjarnemar verða útundan – staðnemar í betra sambandi við kennara (nemendur)		55
Mínna samband við fjarnema en staðnema – fjarnemar verða útundan (kennarar)	31	
Erfitt að skipuleggja hópvinna stað- og fjarnema (tími, staður, tækni)	36	46
Staðnemum getur fundist þirrandi að þurfa að taka tillit til fjarnema í staðkennslu (nemendur spurðir)		32
Samkennslan getur skapað togstreitu milli stað- og fjarnema (kennarar spurðir)	31	
Samkennsla dregur úr fjölda kennslustunda	29	29
Ruglingslegt skipulag þegar nemendur eru ekki flokkaðir í stað- og fjarnema (nemendur) –		29
Skipulagið er flóknara í samkennslu (kennarar)	44	
Þrýstingur á nema sem búa nálægt skóla að mæta í staðkennslu þó þeir hafi valið fjarnám	ES	13
Lítill virkni fjarnema á netinu er vandamál	53	ES
Aukið álag að þurfa að sinna báðum hópum	47	ES
Samkennsla hefur neikvæð áhrif á fjarnámið	16	ES
Samkennsla hefur neikvæð áhrif á staðnámið	33	ES

ES= Ekki spurt.

Algengast var í svörum nemenda að þeir teldu að fjarnemar yrðu útundan, 55% svarenda merkti við þá ástæðu og þar var marktækur munur eftir námsformi. Um 70% fjarnema og 73% þeirra sem eru í ýmist í stað- eða fjarnámi merktu við þennan ókost en bara 25% staðnema (marktækur munur,  $\chi^2(2,69)=13,50$ ,  $p=0,001$ ).

Bæði í svörum við opnum spurningum og í viðtölum við nemendur kemur í ljós að samkennslan hefur í einhverjum tilvikum skapað togstreitu á milli stað- og fjarnema. Þannig segja nemendur í viðtölum að rígur á milli stað og fjarnema hafi verið vandamál. Þeir höfðu lent í vandræðum með að vinna með aðila sem ekki hafði valið sama námsform og þá var erfitt að finna flöt á samvinnu og tíma til að vinna saman.

Ýmsir töldu að fjarnemar fengju verri þjónustu í samkennslu sem sjá má af eftirfarandi svörum úr opnum spurningum þar sem fjarnemar kvarta undan að þeir „gleymist“ í samkennsluforminu.

Mér hefur fundist mjög erfitt að fá svör við spurningum frá kennurunum bæði í gegnum Blakk og tölvupóst þegar ég hef verið í samkennslu.

Mér finnst að það ætti að vera spes kennari sem sér um fjarnemana, eða þú veist blackboard/moodle samskiptin í samkenndu. Mín reynsla er sú að staðnámskennarinn fæti sjaldan að fjarnemar eru oft að fá allar sínar upplýsingar þaðan og nota vefinn frekar eins og hann sé bara með staðnema. Ef að það er á ábyrgð einhvers ákveðins aðila að passa upp á að allar upplýsingar séu til staðar og fyrirspurnum/umræðum sé sinnt tímanlega gengi það kannski betur.

Í þeim námskeiðum sem ég hef verið í hef ég fundið svakalegan mun á samkenndum námskeiðum og þeim sem eru eingöngu fjarkennd. Þjónustan við fjarnema er mun betri í fjarnámskeiðunum og í þeim samkenndu finnst mér fjarnemarnir gleymast svolítið, t.d. í fyrirlestrum þegar það koma spurningar úr salnum þá eru þær nær aldrei endurteknar og því hlusta fjarnemar oft á nokkura mínútna einhliða samtal og botna stundum ekkert í því um hvað er verið að tala.

Einnig þurfa KENNARAR AÐ KYNNA SÉR ÞÁ AÐFERÐAFRÆÐI SEM ÞARF TIL AÐ GETA KENNT VEL Í FJARNÁMI. Þeir þurfa að kynna sér þær leiðir sem henta í fjarnámi og einnig vera vakandi yfir þeim miðlum sem hægt er að nýta til að kenna í fjarnámi.

Ef á að halda áfram að keyra saman stað og fjarnema þarf að vanda sig mun betur í að sinna fjarnemum og þörfum þeirra.

Á hinn bóginn voru 54% staðnema sem sagði að þeim geti fundist pirrandi að þurfa að taka tillit til fjarnema í staðkenndu á meðan 27% fjarnema nefndi þetta sem ókost og 7% þeirra sem voru ýmist í stað- eða fjarnámi (marktækur munur,  $\chi^2(2,69)=10,26$ ,  $p=0,006$ ).

Í viðtölum við nema kom fram að þeim fannst kennarar oft ekki meðvitaðir um mismunandi þarfir nemenda eftir því hvernig þeir hafa kosið að stunda nám sitt og halla þá oft á annan hópinn. Staðnemar telja að ávinningur af samkenndu sé meiri fyrir fjarnema, hafa áhyggjur af að fjarnámið sé að taka yfir staðnámið og komi niður á því.

Kennarar voru óánægðastir með litla virkni fjarnema (53%) í samkenndum námskeiðum. Í viðtölunum lýstu margir kennarar áhyggjum sínum yfir hversu illa gengi að fá fjarnema til að vera virka þátttakendur umræðum. Þeir voru almennt frekar ráðalausir varðandi hvað hægt væri að gera og fannst þeir oft vera búnir að reyna hvað þeir gætu til að hvetja fjarnema en með litlum árangri. Einn kennari lýsti því hvernig hann hafði breytt fyrirkomulagi við námsmat þannig að bæði var gert ráð fyrir vikulegum skilum strax fyrstu vikunnar í námskeiði og jafnframt hafði hann mótað matskvarða með skýrt skilgreindum kröfum sem gerði það að verkum að nemar þurftu í verkefnum að sýna fram á að þeir hefðu raunverulega tileinkað sér það sem til var ætlast til að standast kröfur námskeiðsins. Þetta varð til þess að þeir sem ekki sinntu náminu dattu úr snemma en hinir vöndu sig á að sinna því jafnt og þétt.

Þá var algengt að kennarar teldu aukið álag að sinna báðum hópum (47%) og nemendum fannst erfitt að skipuleggja hópinnu (46%) sem var athyglisvert í ljósi þess að 51% hafði merkt við það sem kost að fjar- og staðnemar gætu unnið saman.

Töluverður hluti beggja hópa kvartaði einnig yfir flóknu skipulagi (44% kennara) eða ruglingslegu (29% nema). Þetta kom líka fram í viðtölum við nema sem töldu margir að námið væri ekki nógu vel skipulagt og fannst að breytingunum fylgdi öryggisleysi. Þeim fannst þeir ekki vita nógu mikið um hvernig námið yrði og fannst oft að fátt væri um svör varðandi það. Kennarar lögðu líka áherslu á mikilvægi skipulags og í viðtölum við þá kom fram að það var að þeirra mati flóknara viðfangsefni að skipuleggja sama námskeið fyrir bæði staðnema og fjarnema heldur en þegar þau voru kennd aðskilin; að það þyrfti sennlega að vera mun niðurnegldara en þegar námskeið eru kennd aðskilin. Fram kom að það þyrfti að gera ráð fyrir miklu meiri virkni nemenda í skipulagningu námskeiða ef þróa ætti samkennslulíkanið áfram.

Um 23% fjarnema töldu ókost að það væri þrýstingur á nema sem byggju nálægt skólanum að mæta í staðkennslu (á meðan enginn staðnemi taldi það ókost og 13% af þeim sem voru ýmist í stað- eða fjarnámi). Í viðtölum við nemendur kom fram hjá einum viðmælanda úr hópi fjarnema að honum fannst hann vera undir þrýstingi af hálfu kennarans um að mæta í staðkennslu þar sem viðkomandi var búsettur á höfuðborgarsvæðinu. Þetta átti nemandinn erfitt með að skilja þar sem hann hafði valið að vera í fjarnámi og fannst eins og ekki væri borin virðing fyrir þeirri staðreynd. Hann upplifði að hann væri að svíkjast um ef hann mætti ekki.

Fjarnemi segir í svari við opinni spurningu:

Það skiptir máli hvar maður býr, ég kemst aldrei í tíma hjá staðnemum vegna fjarlægðar við Reykjavík, ég kem suður aðallega til að mæta í staðlotur. Samkennsla skiptir fjarnemana minna máli en staðnemar mættu vera jákvæðari í garð fjarnema þegar námskeið eru samkennd. Kannski það lagist við aukna viðkynningu nemanna þegar fleiri námskeið eru keyrð saman.

Í viðtölum við kennara kom fram að þeir fjarnemar sem búa í eða nálægt Reykjavík séu yfirleitt í betri tengslum við kennara námskeiðsins. Það var bent á að nú væri meirihluti fjarnema yfirleitt ekki úti á landsbyggðinni eins og áður var algengast. Einn kennari nefndi það sem kost á samkennsluforminu að þá geti þeir fjarnemar sem eru í ökuferi við Reykjavík komið í tíma þegar þeim hentar, t.d. til að kynna verkefni sín í tímum. Það er augljóslega ekki valkostur fyrir þá sem búa lengra frá og kennarar nefna margir að það sé erfitt fyrir þá fjarnema sem búa fjarri að stunda námið. Einn kennari taldi það kost á samkennsluforminu að það væri hægt að leggja verkefni upp þannig að nemendur gætu valið hvort þeir tækju tiltekin verkefni í námskeiði sem stað- eða fjarnemar. Þetta mæltist vel fyrir og var að hennar mati dæmi um hvernig hægt væri að auka sveigjanleika í kennsluháttum og koma þar með til móts við óskir nema. Eins og í fyrra dæminu er þetta ekki valkostur fyrir þá sem búa fjarri eða eiga þess ekki kost að velja staðnámsform af öðrum ástæðum.

Þá taldi um 29% af báðum hópum að ókostur væri að samkennsla drægi úr fjölda kennslustunda. Í hópi nemenda voru það 50% staðnema og 40% þeirra sem voru ýmist fjar- eða staðnemar sem merktu við þenna valmöguleika en eingöngu 7% fjarnema (marktækur munur,  $\chi^2(2,69)=13,29$ ,  $p=0,001$ ).

Sú skoðun kemur fram í svörum kennara við opnum spurningum að afleiðingar þess að taka upp samkennslu stað- og fjarnema verði þær að staðkennslan breytist í fjarkennslu:

Samkennslan hefur brotið reglubundna staðkennslu niður og þurrkað út skólastofuna sem kennsluumhverfi. Nemendur eru hamingjusamir en læra minna.


Vegna samkennslu minnkar viðvera eða tímasókn staðnema. Allt skipulag tekur mið af færri tímum, þ.e. tekur mið af fjarnemum. Staðnemar hafa kosið að vera í staðnámi en það er ekki lengur í boði. Hér er um grundvallar breytingu á námi að ræða. Samræðan breytist, augnablik samræðunnar/vinnunnar er ekki lengur. Kennslan verður of einhæf ef eingöngu er um samkennslu að ræða.

Í viðtölum við kennara má finna vísbendingar um að sumum kennurum finnist mikilvægara að sinna staðnemum en fjarnemum þar sem þeir segjast vera reiðubúnir að leggja á sig aukna vinnu við að geta haldið áfram að hitta nemendur í reglubundnum kennslustundum vikulega. Fram kom í viðtölum við kennara að þeim finnst að það sé mjög tímafrekt að sinna fjarnemum og einn orðar það svona: „rosalega fyrirhöfn með þessa fjarnema – ef á að fylgjast með því sem þeir eru að gera og bregðast við því þá er það rosalega mikil vinna.“ Þessum kennara fannst það algengara í fjarnáminu að fólk væri bara að ná sér í réttindi þó að þar væri líka samviskusamt fólk og ábyrgt.

Í viðtölum við nema kom fram að fjarnemar hefðu orðið varir við það viðhorf hjá staðnemum að fjarnemar væru að fara mjög „ódyrt“ í gegnum þetta nám og að þegar þeir útskrifuðust væru þeir ekki næstum því eins góðir kennarar, og að þær einkunnir sem fjarnemar fengju væru miklu meira gefins einingar heldur en hjá staðnemum. Aðallega fannst viðmælendum það sjónarmið áberandi að fjarnemar væru ekki að læra það sama og hinir og að ekki væri séns að þeir yrðu jafn góðir kennarar þegar upp væri staðið. Fjarnemanum þótti þetta mjög miður og sagðist hafa þurft að hlusta á þetta frá sama hópnum mjög oft.


## 5.6 Námsgreinar og stærð námskeiða

Nemendur voru beðnir að meta gæði í samkennslu samanborið við aðskilin námskeið og öfugt eftir námsgreinum. Niðurstöður eru sýndar á mynd 14. Rúmur fjórðungur nema taldi samkennslu betri í upplýsingatækni og miðlun (29%) eða kennslu- og uppeldisfræði (26%) en einungis 12–19% merktu við að aðrar greinar (íslensku, erlend tungumál, list- og verkgreinar, samfélagsgreinar, náttúrufræði eða stærðfræði). Á hinn bóginn voru álíka stórir hópar sem taldi kennslu þessara námsgreina betri í aðskildum hópum en flestum fannst að námskeið í list- og verkgreinum væru betri í aðskildum hópum eða 33% og 28% fannst námskeið í kennslu- og/eða uppeldisfræði betri þannig. Í viðtölunum láta nemendur líka í ljós þá skoðun sína að verklegar greinar verði illa úti í fjarnámi og það voru ekki eingöngu nemar í verkgreinum sem nefndu það. Þetta var líka áhyggjuefni sem kom fram í viðtölum við kennara.



Mynd 14. Svör nema um hvort þeir telji betra að vera í samkennslu eða aðskildum námskeiðum í mismunandi námsgreinum.

Nemendur og kennarar voru spurðir hvort þeim fyndist stærð hópa skipta máli og þá hvaða hópstærðir þeim fyndist ganga betur en aðrar í samkennslu. Niðurstöður má sjá á mynd 15.



Mynd 15. Hlutfall nema og kennara sem merkir við með hvaða hópstærðir gangi vel í samkennslu.

Mikill samhljómur var í svörum beggja hópa. Algengast var að kennarar og nemendur nefndu fámennari hópa, 18% nefndu 10–20 manna hópa, 33% 21–40 manna hópa. Nær sama hlutfall nemenda var á sama máli (19% og 30%). Á hinn bóginn taldi tæpur þriðjungur kennara (31%) hópastærðir ekki skipta máli og á sama máli var 30% nemenda.

Ekkert kom fram í svörum við opnum spurningum nemenda og kennara varðandi stærð hópa almennt en í viðtölum við kennara kom fram að hlutfall þeirra nemenda sem voru í fjarnámi og staðnámi hins vegar skipti máli varðandi hvernig gekk að halda uppi reglulegri kennslu fyrir staðnema. Í svörum kennara við opnum spurningum kemur líka fram hvernig misvægi í stærð hópa hefur áhrif í fámennari námskeiðum.

Ef staðnámshópur er öflugur og staðkennsla möguleg: Fjarnemar verða óskilgreindur hópur sem ekki virðist ná saman á sama hátt, heldur finnst hann vera útundan eða hanga á staðnáminu.

Ef staðnámshópur er lítill og öll kennsla flutt á netið: Staðnemar finnst þeir vera útundan, þeirra þörf fyrir viðvist á vettvangi er ekki sinnt en þarfir fjarnema ráða ferðinni. Þegar staðnemar eru fáir og mæta bara sæmilega þá er vont að halda dampi.

Þessi ummæli benda til þess að kennarar eigi í erfiðleikum með að finna leiðir til að sameina kennslu þessara hópa sem hafa valið ólík námsform og hafa væntingar til kennslu í samræmi við það. Það er greinilegt að það er mjög krefjandi verkefni að skipuleggja námskeið fyrir þessa hópa í einu og sama námskeiðinu þar sem fara þarf ólíkar leiðir eftir því hvort verið er að sinna þörfum fjarnema eða staðnema. Niðurstöður af mati nema og kennara á kostum og göllum samkennsluformsins benda til að vaxtarverkir séu þó nokkuð miklir. Bæði kennarar og nemar lýsa fleir ókostum en kostum á samkennslunni miðað við kennslu í aðskildum hópum stað- og fjarnema. Þetta hlýtur að vekja spurningar um hvort það sé þrátt fyrir allt einhvers virði og þá kemur að umræðunni um þann sparnað sem af fyrirkomulaginu hefur hlotist.

## **5.7 Sparnaður við samkennslu og áframhaldandi þróun**

### **5.7.1 Sparnaður**

Eins og fram er komið þá voru samkennd námskeið í grunnnámi við Kennaradeild á skólaárinu 2010–2011 94 talsins. Þar af voru 48 námskeið samkennd á haustmisseri 2010 og 46 á vormisseri 2011. Samkvæmt tölum um skráða nemendur á þeim námskeiðum þá hefðu um 66% þeirra verið samkennd áður en reglum var breytt (þ.e. fjöldi fjarnema og/eða staðnema undir 15) en 34% námskeiðanna sem samkennd voru hefðu verið kennd aðskilin fyrir reglubreytingu. Þó þar sé um að ræða minnihluta námskeiða þá voru 2204 nemar skráðir á þau en eingöngu 1382 nemar á ”litlu” námskeiðin sem hefðu hvort sem er verið samkennd. Þar er því um að ræða mun færri vinnustundir vegna kennslu. Í formála þessarar skýrslu kemur fram að deildarforseti Kennaradeildar hafði gert ráð fyrir að með samkennsluforminu myndu sparast um 10.000 vinnustundir. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálastjóra Menntavísindasviðs var sparnaður vegna samkennslu skólaárið 2010–2011 samtals 5.339 vinnustundir. Áætlaður heildarvinnustundafjöldi hefði verið 23.592 í þeim 32 námskeiðum af

94 sem hefðu verið kennd aðskilin fyrir reglubreytingu en reiknaður með samkennslufyrirkomulagi<sup>17</sup> um 18.253. Þó að þetta sé nokkuð undir þeim væntingum sem stjórnendur höfðu gert sér er samt um að ræða 22,6% samdrátt í vinnutímamagni sem hlýtur að teljast umtalsvert.

### 5.7.2 Þróun

Bæði nemar og kennarar voru spurðir út í hug sinn til þróunar kennslufyrirkomulagsins. Nemar voru spurðir hvaða valkosti þeir vildu helst hafa um námsform (100% svarhlutfall). Eins og sést í töflu 11 var yfir helmingur nemenda (57%) sagðist vilja geta valið að vera ýmist staðnemi eða fjarnemi eftir námskeiðum (40% fjarnema, 67% staðnema og 73% þeirra sem voru ýmist í stað- eða fjarnámi). Rúmur fjórðungur (28%) þegar á heildina er litið vildi geta valið að vera í fjarnámi (57% fjarnema, enginn staðnemi og 13% þeirra sem höfðu tekið ýmist fjar/staðnámskeið). Athyglisvert var að einungis 9% sagðist vilja geta valið að vera í eingöngu staðnámi (þar af 21% staðnema, enginn fjarnemi og 7% þeirra sem höfðu valið að taka námskeið ýmist í stað- eða fjarnámi). Eingöngu 7% sagði að flokkunin skipti ekki máli (3% fjarnema, 12% staðnema og 7% þeirra sem ýmist völdu stað- eða fjarnám).<sup>18</sup> Þrátt fyrir að margir nemar segðust vilja vera í staðnámi þá hafa þeir væntanlega séð fyrir sér að sveigjanleiki til að velja sér námsform gæti verið æskilegur þar sem aðstæður gætu breyst t.d. varðandi fjölskyldu, búsetu eða vinnu með námi.

Kennarar voru á hinn bóginn spurðir hvernig þeir vildu helst haga sínum kennslutíma (100% svarhlutfall). Niðurstöður eru sýndar í töflu 12.

**Tafla 11. Viðhorf nema um valkosti í kennaranámi.**

<i>Hvaða valkosti vilt þú hafa í kennaranáminu?</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>%</i>
Ég vil geta valið að vera í fjarnámi	19	28%
Ég vil geta valdið að vera í staðnámi	6	9%
Ég vil geta valið að vera ýmist staðnemi eða fjarnemi eftir námskeiðum (sveigjanlegt nám)	39	57%
Mér finnst flokkunin ekki skipta máli/ekki viðeigandi	5	7%
Samtals	69	100%
Svarhlutfall:		100%

**Tafla 12. Viðhorf kennara gagnvart tilhögun kennslutíma.**

<i>Hvernig vildir þú helst haga þínum kennslutíma?</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>%</i>
Kenna sem mest fjarnámskeið (með fjarnemum eingöngu)	3	7%
Kenna sem mest staðnámskeið (með staðnemum eingöngu)	16	36%
Kenna sem mest samkennd námskeið (með fjar- og staðnemum)	5	11%
Kenna í bland, fjar-, stað- og/eða samkennd námskeið	16	36%
Mér er sama hvernig tilhögun er að þessu leyti (fjar-, stað- eða samkennsla)	5	11%
Samtals	45	100%
Svarhlutfall:		100%


<sup>17</sup> Álag vegna samkennslu reiknað með í þessari tölu.

<sup>18</sup> Marktækur munur í svörum eftir kennsluformi  $\chi^2(6, N=69)=27,89, p<0,01$ .



Jafnmargir sögðust vilja kenna mest staðnámskeið með staðnemum eingöngu (36%) og kenna í bland, fjar- stað- og/eða samkennd námskeið (36%). Tæpur þriðjungur af svörum dreifðist nokkuð jafnt, 11% vildu kenna sem mest samkennd námskeið, 11% var sama hvaða tilhögun var en einungis 7% (3 einstaklingar) vildu kenna sem mest fjarnámskeið með fjarnemum eingöngu.

Nemendur og kennarar voru einnig spurðir hvort halda ætti áfram að þróa samkennslu stað- og fjarnema ( $N_{\text{Kennarar}}=40$ , 89% svarhlutfall;  $N_{\text{Nema}}=63$ , 91% svarhlutfall). Svör má sjá á mynd 16. Í ljós kom að meirihluti svarenda taldi að það ætti að gera. Fjórðungur kennara (25%) og tæpur helmingur nemenda (49%) töldu að þróa ætti samkennsluna með svipuðu sniði. Mikill fjöldi nemenda (43%) og kennara (37%) töldu að það ætti að halda samkennslu áfram en með töluverðum breytingum. Á hinn bóginn var þriðjungur kennara (33%) sem taldi að frekar ætti að kenna í aðskildum hópum og einungis 14% nemenda sem er mjög athyglisvert í ljósi þeirra óánægjuradda sem komu fram. Væntanlega vege hagkvæmnis- ástæður þungt ekki síst sá kostur sem talinn er helsti kostur samkennslunnar hjá yfirgnæfandi meirihluta beggja hópa að námskeið gætu verið í boði í samkennslu sem myndu annars falla niður vegna fárra nema.



**Mynd 16. Viðhorf nema og kennara gagnvart þróun samkennslu. Svör við spurningu um hvort halda eigi áfram að þróa samkennslu stað- og fjarnema.**

Í svörum kennara við opnum spurningum koma fram efasemdarraddir um fjarnámið og beinar tillögur um að það námsform verði lagt af í kennaranámi.

Ég er raunar á þeirri skoðun að ekki eigi að bjóða upp á kennaranám í fjarnámi. Kennaranám, eins og t.d. læknisfræði, er starfsnám og engum dettur í hug að bjóða upp á fjarnám í læknisfræði! Fjarnámið kom til á sínum tíma til að sinna bráðri þörf landsbyggðarinnar, þegar mikill fjöldi leiðbeinenda var við kennslu þar. Ég lít svo á að

nú þegar þeirri þörf hefur að mestu verið svarað eigi ekki að bjóða upp á fjarnám. (Til vara mætti bjóða upp á það í algjörum undantekningartilfellum og þá þyrfti að rökstyðja slíka beiðni rækilega – en síðan myndi það fjara út.)

Helst á að leggja fjarnám niður og efla staðnámið með því að gera fólki kleift að taka sig upp og búa hér í nágrenninu meðan það stundar námið.

Kennsla er í eðli sínu gagnkvæm samskipti nemenda og kennara. Menntun kennara verður að taka mið af þessari staðreynd....! Ég set því stórt SPURNINGAMERKI við menntun kennara eingöngu í fjarnámi. Þó samskipti á Netinu getir verið góð þá eru þau margfallt tímafrekari en augliti til auglitis.

Ég tel óásættanlegt að útskrifa nemendur sem ég hef hvorki talað við né séð, sem kennara ungra barna.

Að lokum leyfum við rödd frá nema sem finnst þróunin vera jákvæð að heyrast:

Mér finnst frábært að hafa bæði stað- og fjarnema í sömu námskeiðum. Góð þróun og skemmtileg!

## 6 Samantekt og umræða

Hér eru teknar saman og ræddar helstu niðurstöður úttektarinnar. Í nokkrum tilvikum er hægt að bera þær saman við niðurstöður annarrar úttektar sem gerð var skólaárið 2007–2008 á fjarnáminu við KHÍ (Jakobsdóttir, 2008; Sólveig Jakobsdóttir o.fl., 2008). Eins og fram kemur í aðferðarkafnanum voru allmargar spurningar í könnun sem lögð var fyrir nemendur í þessari úttekt þær sömu eða mjög sambærilegar þeim sem fjarnemar svöruðu í árslok 2007 um staðlotur og fjarnámið við skólann. Þá var könnun send til allra 1539 fjarnema við KHÍ og söfnuðust gögn frá 527 nemum (um þriðjungu úrtaks). Þar af svöruðu 219 af 527 grunnnemum í grunnskóla- eða leikskólakennarafræðum (42% þátttaka), þ.e. hópur í sambærilegu námi og þeir sem svöruðu könnun í þessari úttekt. Samanburður gefur vísbendingar um þróun hvað varðar fjarnemahópinn, samsetningu hans og reynslu en því miður höfum við ekki sambærileg gögn fyrir staðnema.

Töluverður munur er á þeim hópum sem kjósa að stunda fjarnám að mestu, vera ýmist í stað- eða fjarnámi eða stunda staðnám að mestu. Fjarnemar og staðnemar eru á sitt hvorum endanum varðandi aldur, búsetu og starfshlutfall en þeir sem eru ýmist í stað- eða fjarnámi eru mitt á milli. Fjarnemar eru að staðaldri eldri, búa frekar fjarri höfuðborginni (eða jafnvel erlendis) og eru að meðaltali í hæsta starfshlutfalli með námi af hópunum þremur. Svarendahópur fjarnema skólaárið 2007–2008 virðist um margt nokkuð svipaður og fjarnemar í hópi svarenda í þessari úttekt t.d. varðandi aldursdreifingu, vinnu með námi og búsetu, þó tilhneiging virðist til þess að herra hlutfall fjarnema þá en nú hafi verið í elsta hópnum (yfir 44 ára)<sup>19</sup>, stundað vinnu með náminu<sup>20</sup>, haft herra starfshlutfall með námi<sup>21</sup> eða búið erlendis.<sup>22</sup> Áhugavert er að sjá að hlutfall þeirra fjarnema sem stunduðu kennslu- eða uppeldisstörf af þeim sem unnu með náminu var 72% í þessari könnun en árið 2007 var það hlutfall mun herra meðal leikskólakennaranema (98%) en það sama meðal grunnskólakennaranema (72%). Í úttekt á fjarkennslu í framhaldsskólum (Jakobsdóttir og Jóhannsdóttir, 2011; Sólveig Jakobsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir, 2010) kemur skýrt fram að þörf nema fyrir fjarnám og þann sveigjanleika sem það býður upp á eykst með aldri ekki síst vegna atvinnu, búsetu og fjölskylduáðstæðna.

Samkennslulíkanið var í stórum dráttum þannig að reglubundnar kennslustundir voru yfirleitt í boði einni sinni eða tvisvar í viku og til viðbótar var kennt í tveimur staðlotum í byrjun og um mitt misseri (um sjö kennslustundir í hvorri staðlotu, 14 alls). Þó var töluverður munur milli námskeiða hversu margar kennslustundir voru í staðlotum (7–21 kennslustund samtals) og í reglubundinni kennslu. Fjarnemar nýttu sér mjög sjaldan reglubundnu kennsluna en staðlotur voru yfirleitt fyrir bæði stað- og fjarnema. Algengt var að kennarar gerðu upptökur af kennslunni sem voru vistaðar í námsumsjónarkerfinu. Meiri ánægja virtist vera með reglubundnu kennslustundirnar bæði hjá nemendum og kennurum heldur en með staðloturnar.

<sup>19</sup> Aldur >44 ára. 2007: 15% grunnskólakennaranema og 12% leikskólakennaranema; 2011: 7% nema

<sup>20</sup> Vinna með námi. 2007: 73% grunnskólakennaranema og 85% leikskólakennaranema; 2011: 60% nema

<sup>21</sup> Yfir 100% starfshlutfall. 2007: 28% grunnskólakennaranema og 10% leikskólakennaranema; 2011: 6% nema

<sup>22</sup> Búseta erlendis. 2007: 10% grunnskólakennaranema og 5% leikskólakennaranema; 2011: 3% nema

Aðeins 38% nema voru ánægðir eða mjög ánægðir með staðlotur en um helmingur taldi misjafna reynslu af þeim á meðan 10% voru óánægðir eða mjög óánægðir. Bæði nemar og kennarar töldu að gæði reglubundinna kennslustunda og staðlotna væri meiri þegar hópum væri kennt sitt í hvoru lagi heldur en þegar um samkennslu fjar- og staðnema væri að ræða. Eingöngu helmingur staðnema var ánægður með að sækja staðlotur með fjarnemum en 44% höfðu misjafna reynslu af því og 6% voru óánægðir eða mjög óánægðir.

Þó ánægja með staðlotur sé takmörkuð þá virðist mætingin vera þokkaleg hjá meirihluta nemenda/í meirihluta námskeiða og jafnframt er greinilegur vilji hjá nemum og kennurum að halda staðlotum inni með svipuðu fyrirkomulagi hvað varðar fjölda daga og dreifingu. Nemar og kennarar í þessari rannsókn töldu yfirleitt tvo til fimm daga alls í staðlotur á einu námskeiði vera æskilegan (67% nema, 64% kennara) þó áherslumunur væri þar á. Kennarar vilja fremur fleiri daga en nemendurnir og öfugt. Álfka stórt hlutfall nema vill færri en 2 daga (16%) eða meiri en 5 daga (18%). Í könnun 2007 var einnig algengast meðal fjarnema að vilja 2–5 daga samtals í staðlotur á einu misseri (47% leikskólakennaranema og 58% grunnskólakennaranema) en mun fleiri af þeim sem vildu aðra dreifingu vildu frekar hittast oftast en sjaldnar.<sup>23</sup> Hugsanlega er þarna þróun í þá átt að fjarnemar vilji færri daga í staðlotur á námskeiði. Sams konar mynstur kom fram varðandi dreifingu staðlotna. Algengasta svar hjá nemendum og kennurum var að vilja hittast tvisvar á misseri (55% nema og 36% kennara) en tilhneiging hjá kennurum að vilja hittast oftast (3–4 sinnum) en hjá nemendum sjaldnar (einu sinni eða aldrei, 39%). Í árslok 2007 voru mjög svipaðar niðurstöður.<sup>24</sup>

Viðmælendur viðruðu margs konar vandamál tengd staðlotunum s.s. stundatöflugerð, árekstra milli námskeiða, kostnað, slæma nýting á tíma og skipulagsleysi og einnig að nýta mætti tæknina betur til að gefa kost á mætingu í gegnum fjarfundabúnað eða netfundi. Staðlotur voru þó taldar mikilvægar m.a. til að byggja upp tengslanet, vegna samvinnu og verklegrar kennslu.

Í svörum kennara kemur fram að reglubundnar kennslustundir í 10 ECTS námskeiðum hafi yfirleitt verið á bilinu 3–7 á viku (88%) og að kennsluvikurnar hafi verið frá 9–14 (85%). Mismunandi margar vikur skýrast oftast af því að vettvangsnám kemur inn í námskeiðin. Við þessa tíma bættust kennslustundir í staðlotum sem skipulagðar voru fyrir bæði staðnema og fjarnema. Ríflega helmingi kennara (53%) fannst að 3–4 kennslustundir á viku væri hæfileg kennsla og stærstur hluti nemenda var sammála því (64%). Tæplega 40% kennara en rúmlega 20% nemenda fannst að það þyrftu að vera fleiri en fjórar stundir vikulega. Flestir úr hópi bæði nemenda (72%) og kennara (58%) vildu helst að kennslustundir væru tvisvar í viku í hverju námskeiði. Flestir staðnemar sögðust mæta alltaf eða yfirleitt í reglubundnar kennslustundir en kennarar lýstu áhyggjum sínum af slakri mætingu. Flestir fjarnemar sögðust yfirleitt aldrei mæta í reglubundna staðkennslu og það var líka reynsla flestra kennara. Meirihluti nemenda lýsti áhyggjum af að samkennslan hefði í för með sér fækkun

<sup>23</sup> 7% leikskólakennaranema og 16% grunnskólakennaranema vildi færri en tvo daga en 46% fyrri hópsins og 25% seinni hópsins vildi fleiri en fimm daga.

<sup>24</sup> Þá var einnig algengast að fjarnemar svöruðu tvö skipti á misseri (54% leikskólakennaranema og 43% grunnskólakennaranema) en um 28% fyrri hópsins vildi hittast sjaldnar og 44% seinni hópsins.

kennslustunda. Tæpur helmingur kennara taldi þetta áhyggjuefni á meðan tæpur helmingur þeirra lýsti þeirri skoðun að það væri misjafnt eftir námskeiðum. Sterkar skoðanir varðandi þetta koma fram í opnum spurningum og viðtölum við nemendur þannig að ástæða virðist til að athuga betur hver tímafjöldinn er á bak við hverja einingu er í raun og veru. Mikilvægt er líka að sett séu skýr viðmið um þetta af hálfu háskólans þannig að bæði nemendum og kennurum séu þau ljós. Þar sem nemendur lýsa sérstökum áhyggjum yfir að fækkun kennslustunda komi niður á listgreinum og verklegum greinum og kennarar telja líka að það sé misjafnt eftir námskeiðum hversu margar kennslustundir þarf þá er líklegt að viðmið um fjölda kennslustunda þurfi að taka mið af ólíku eðli námsgreina.

Í ljós kom að upptökur voru mjög mikið nýttar í kennslunni. Mikil aukning hefur orðið á nýtingu þeirra frá 2007<sup>25</sup> og mun auðveldara er orðið nú en þá að gera slíkar upptökur með tilkomu Nepal eMission upptökukerfisins. Áður var stuðst við annan hugbúnað sem vistaði upptökur ekki sjálfkrafa á UGLU eða í námsumsjónarkerfinu eins og raunin er nú með eMission upptökur.<sup>26</sup> Litlar breytingar voru hins vegar á tegundum upptaka því algengast var í þessari rannsókn og árið 2007 að um væri að ræða talglærur eða fyrirlestra með nemendum en síður var um að ræða bæði árin skjáupptökur eða upptökur af bekkjartímum. Þá var einnig samhljómur bæði árin varðandi hvað féll best í kramið. Mjög mikil ánægja var með talglærur og skjáupptökur og einnig mikil með fyrirlestra en langminnst með upptökur úr bekkjartímum.<sup>27</sup>

Mun minni reynsla var af vefumræðum í þessari rannsókn en af upptökum þegar á heildina var litið, um 53% nema sagði þær notaðar í 5 eða fleiri námskeiðum. En þarna var munur milli hópa. Allir fjarnemarnir höfðu mikla reynslu af vefumræðum sem þeim er þá boðið upp á í stað umræðna í reglubundinni kennslu. Þarna hefur orðið mjög mikil aukning frá 2007 því þá var eingöngu um 25% leikskólakennaranema og 29% grunnskólakennaranema úr hópi fjarnema sem sagði þær notaðar í svo mörgum námskeiðum. Ánægja með þennan samskiptamáta virðist ekki eins mikil og með vinsælli upptökutegundirnar en þó var rúmur helmingur sem er ánægður og eru þetta svipaðar tölur og meðal fjarnema 2007, en þá mátu um 58% þennan samskiptamáta vel eða mjög vel.<sup>28</sup>

Kennsla í rauntíma á neti var hins vegar nær ekkert nýtt og það hafði lítið sem ekkert breyst frá 2007. Eingöngu 2% svarenda í þessari rannsókn hafði mikla reynslu af rauntímasamskiptum á neti en 12% sagðist hafa reynslu af notkun þeirra í örfáum námskeiðum. Árið 2007 voru um 4% leikskólakennaranema og 18% grunnskólakennaranema sem hafði reynslu af rauntímasamskiptum í örfáum námskeiðum en 2% grunnskólakennara til viðbótar í nokkrum námskeiðum og var töluverð ánægja með þennan samskiptamáta um 58%

---

<sup>25</sup> Þá var um 13% leikskólakennaranema og 31% grunnskólakennaranema sem hafði fengið aðgang að upptökum af kennslu í mörgum námskeiðum (5 eða fleiri) á meðan 78% nema í þessari rannsókn hafði fengið aðgang að upptökum í 5 eða fleiri námskeiðum.

<sup>26</sup> Aðallega Camtasia Studio

<sup>27</sup> Árið 2007 var miðjumöguleiki „Þokkalega“ en árið 2011 „Hvorki vel né illa“ en að öðru leyti var spurningin eins orðuð.

<sup>28</sup> Árið 2007 var miðjumöguleiki „Þokkalega“ en árið 2011 „Hvorki vel né illa“.

kunni vel eða mjög vel við hann en 33% vel árið 2011. Á árum fyrir þá könnunina 2007 hafði verið aðgangur að kerfinu Wimba og voru nokkrir kennarar sem nýttu það kerfi í fjar- eða samkenndu. Nemendur virðast ekki mjög spenntir að nýta þennan möguleika. Árið 2007 voru um 26% leikskólakennaranema og 26% grunnskólakennaranema sem ekki höfðu reynslu af rauntímasamskiptum á neti sem höfðu mikinn áhuga á að þau yrðu nýtt í kennslu, 63 og 49% voru hlutlausir en 11 og 22% höfðu lítinn sem engan áhuga. Árið 2011 var tæpur helmingur með lítinn sem engan áhuga. Eðlilegt er að staðnemarnir sýni lítinn áhuga, þeir hafa sín samskipti í rauntíma á staðnum. Þegar skoðað er hátt starfshlutfall fjarnema kemur heldur ekki á óvart lítill áhugi gagnvart rauntímasamskiptum þar sem væntanlega getur oft verið erfitt að komast frá vinnu til þess að nýta sér þau. Samskipti og kennsla með fjarfundabúnaði er einnig í rauntíma og um margt svipuð og kennsla með netfundabúnaði. Þó geta mynd- og hljóðgæði verið betri í fjarfundabúnaði þó það sé ekki tryggt. Annað sem er ólíkt er að nemendur geta notað netfundi í flestum nýlegum tölvum ef þeir hafa hljóðnema/hlusttæki en mæta í símenntunarstöðvar ef þeim stendur til boða fjarfundur. Það getur haft í för með sér viðbótartíma og fyrirhöfn en á hinn bóginn hugsanlegan félagsskap og aðstoð frá öðrum nemendum eða starfsfólki á stöðvunum.

Áhugavert er að sjá að fjölmargir aðrir tæknimöguleikar eru að koma til sögunnar, ekki síst sem nemendur segjast nýta í sínu námi og ber þá Fésbókina (Facebook) hæst en 68% hafa nýtt sér hana og 58% GoogleDocs og MSN og margir kennarar nýta t.d. Skype (58%). Þarna felast tækifæri til að efla samskipti og samvinnu hvort sem er með formlegum hætti eða á vegum nemenda sjálfra.

Þar sem það hafði verið tíðkað um nokkurt skeið að samkenna fjarnemum og staðnemum þegar um litla hópa var að ræða kom ekki á óvart að stór hluti nemenda reyndist hafa einhverja reynslu af samkenndum námskeiðum umfram þau sem kennd voru skólaárið 2010–2011. Þeir kennarar sem kenndu valgreinar eða kjörsvið þar sem nemendur hafa verið fáir höfðu einnig nokkra reynslu af að slá saman fjarnemum og staðnemum í sinni kennslu.

Nemar og kennarar virðast ekki eins ánægðir með samkenndu og fjar- eða staðkenndu. Töluverður hópur nema (18%) og kennara (20%) er óánægður á meðan örfáir eru óánægðir með fjar- eða staðkenndu. Samkenndu kom einnig mun verr út heldur en fjar- og/eða staðkenndu varðandi gæði kennslu, samskipti nemenda og kennara og samskipti nemenda innbyrðis. Eins of við var að búast voru áhrifin minni á gæði námsefnis, námsmats og samskipti kennara innbyrðis.

Ef borið er saman við tölur frá 2007 kemur í ljós að þá var 85% leikskólakennaranema og 86% grunnskólakennaranema ánægðir eða mjög ánægðir með fjarnámið en í þessari rannsókn var rúmur helmingur nema ánægður eða mjög ánægður með sína reynslu af fjarkenndum námskeiðum (55%).<sup>29</sup> Hér er rétt að benda á að miklar breytingar hafa orðið á náminu frá því að könnunin 2007 var gerð. Kennaraháskólinn sameinaðist HÍ og staða fjarnáms og fjarnema breyttist þá að ýmsu leyti. Löng hefð var komin fyrir fjarnámi við skólann og ákveðinn metnaður fyrir að auka aðgengi nema að kennaranámi burtséð frá búsetu, fjölskylduaðstæðum

<sup>29</sup> Ath. samt mismunandi orðalag. Miðjumöguleiki 2011 var „Misjöfn reynsla“ en 2007 „Hlutlaus“.

og fleiru (Jóhannsdóttir, 2010). Í stefnumótun KHÍ fyrir 2006–2010 hafði verið gert ráð fyrir að helmingur nema væru í fjarnámi (Kennaraháskóli Íslands, 2004) og árið fyrir sameininguna var um helmingur nema í grunnnámi við KHÍ fjarnemar og allir framhaldsnemar við skólann. Um var að ræða 506 fjarnámskeið af 973 námskeiðum (52% fjarkennd). Á hinn bóginn voru ekki nema tæplega 3% nema við HÍ fjarnemar (Guðrún Geirsdóttir o.fl., 2007) og þá var alltaf um að ræða samkennd námskeið en ekki sérstök fjarnámskeið (sama heimild). Þau voru ekki nema tæp 5% af heildarfjölda námskeiða (82 af 1773). Áform voru um að efla fjarnám við sameiningu KHÍ og HÍ og starfshópi á vegum beggja skólanna falið að gera drög að stefnu hins sameinaða háskóla í fjarkennslumálum (sama heimild). Þau hafa ekki gengið eftir en í stefnu HÍ fyrir 2011–2016 (Háskóli Íslands, 2011) kemur m.a. fram að Háskólinn skuli móta sér stefnu um nýtingu upplýsingatækni og fjarkennslu fyrir árslok 2011 og að fjarkennsla verði eflað í völdum greinum. Sú stefna er ekki komin fram þegar þetta er skrifað í apríl 2012.

Bæði nemendur og kennarar nefna það sem helsta kost samkennsluformsins að með því væri hægt að kenna námskeið sem annars hefðu fallið niður vegna of fárra nema. Staðnemunum og nemum sem tóku námskeið ýmist í staðnámi eða fjarnámi fannst langflestum það vera mikill kostur samkennslunnar að efni sem sett væri á net fyrir fjarnema nýttist staðnemunum líka. Margir nemar töldu að það væri gott fyrir fjarnema að geta leitað til staðnema sem sæktu tíma reglulega og tæpur helmingur taldi einnig að samkennsla gæti verið tækifæri til að þróa kennsluhætti. Athyglisvert er að um helmingur nema taldi að það víkkaði sjóndeildarhringinn að vera í samkenndum námskeiðum en rétt rúmur fjórðungur kennara töldu það vera kost. Margir staðnemar töldu að ávinningurinn væri örugglega meiri fyrir fjarnema og einn taldi að ávinningurinn væri örugglega bara fjárhagslegur fyrir HÍ.

Fyrir suma kennara voru það rök fyrir því að þróa samkennslu staðnema og fjarnema að með því móti væri hægt að styrkja fagsamfélög verðandi faggreinarkennara, einkum í greinum þar sem námshópar eru fámennir. Í viðtölum við tvo kennara sem kenndu sömu grein kom fram að þær höfðu lagt sig fram um að mynda slíkt fagsamfélag þvert á námsár og bundu vonir við að það styrkti námið í viðkomandi faggrein. Þeim reyndist þó eins og fleiri kennurum erfitt að virkja fjarnema til þátttöku vegna mikillar vinnu þeirra við kennslu og annað en höfðu lagt áherslu á að efla tengsl við þá með því að gefa þeim aðgang að sem mestu af því sem fram fór meðal nema sem mættu í tíma. Þessum kennurum og fleirum var umhugað um tengslin við vettvang skólustarfs og að kennaranemar lærðu að verða hluti af fagsamfélaginu á þeim vettvangi. Lagt er til að í umræðu um þróun samkennsluformsins verði þetta haft að leiðarljósi; sem sé þróun fagsamfélaga nemenda og eflað tengsl við vettvang skólustarfs.

Sá ókostur samkennslu sem næstflestir kennarar nefndu var að þeim fannst það vera aukið álag að sinna báðum hópunum. Í viðtölum við kennara eru vísbendingar um að sumum þeirra finnst mikilvægara að sinna staðnemunum en fjarnemunum. Þeir segjast reiðubúnir að leggja á sig aukna vinnu við að geta haldið áfram að hitta nemendur í reglubundnum kennslustundum vikulega en kvarta yfir að það sé mjög tímafrekt að sinna fjarnemunum og einn orðar það svona: „Það er rosalega fyrirhöfn með þessa fjarnema. Ef á að fylgjast með því sem þeir eru að gera og bregðast við því þá er það rosalega mikil vinna.“ Einn viðmælenda úr hópi kennara taldi að kennarar hefðu sinnt fjarnemunum betur þegar fjar- og staðnám var aðskilið og fleiri töldu að það hefði verið betra fyrirkomulag þegar fjarnemunum og staðnemunum var kennt í aðskildum

hópum. Flestum nemendum fannst það helsti ókostur samkennsluformsins að fjarnemar verði útundan og að staðnemar séu í betra sambandi við kennara. Það er því ástæða til að hafa ákveðnar áhyggjur af því að fjarnemum sé stundum ekki sinnt til jafns við staðnema. Kennurum er ætlað að sinna flóknara og tímafrekara viðfangsefni en áður og á sama tíma er þeim ætlaður minni tími til að sinna því. Þetta þarf að taka til greina í umræðu um þróun námsforma við háskólann.

Kennurum fannst helsti ókostur samkennslunnar vera lítil virkni fjarnema og í viðtölum við kennarana er þetta helsta áhyggjuefni þeirra. Venjan hefur verið að skipuleggja umræður fjarnema á námskeiðsvefjum en í samkennsluforminu hefur almennt gengið illa að fá fjarnema til að vera virka þátttakendur í þeim umræðum. Í viðtölum kom fram að kennarar voru almennt frekar ráðalausir varðandi hvað hægt væri að gera og fannst þeir oft vera búnir að reyna hvað þeir gætu til að hvetja fjarnema en með litlum árangri. Einn kennari hafði breytt fyrirkomulagi við námsmat þannig að bæði var gert ráð fyrir vikulegum skilum strax fyrstu vikunnar í námskeiði og jafnframt hafði hann mótað matskvarða með skýrt skilgreindum kröfum sem gerði það að verkum að nemar þurftu í verkefnum að sýna fram á að þeir hefðu raunverulega tileinkað sér það sem til var ætlast til að standast kröfur námskeiðsins. Þessi kennari var ánægður með árangurinn sem hann sagði að leiddi til þess að þeir sem ekki ætluðu sér að leggja sig fram dyttu út úr námskeiðinu snemma en hinir vendu sig á að vinna vel í samræmi við markmið námskeiðsins. Þarna er vísbending um að ein leið til að virkja fjarnema og þá sinna þeim betur í samkennsluforminu geti verið sú að breyta aðferðum við námsmat. Hér er lagt til að það verði hluti af þróunarvinnu sem þarf að setja af stað til að vinna sig út úr þeim vandamálum sem kennarar upplifa í samkennsluforminu.

Bæði nemendur og kennarar lýsa áhyggjum af því að listgreinar og verklegar greinar verði illa úti þegar staðkennsla er lítil en það kom fyrir ef staðnemar í námskeiðum voru fáir að námskeið væru kennd með fjarkennslusniði þar sem nemendur mættu bara tvisvar á misseri í staðlotur. Miklu fleiri nemendur töldu að námskeið í list- og verkgreinum væru betri í aðskildum námskeiðum en samkenndum. Flestir nemendur töldu reyndar að námskeið væru betri þegar þau væru kennd aðskilin nema þegar kom að námskeiðum í upplýsingatækni og miðlun en fleiri nemum fannst þau miklu betri í samkennslu en í aðskildum námskeiðum. Tæpur þriðjungur bæði nemenda og kennara var á þeirri skoðun að hópastærð skipti ekki máli í samkenndum námskeiðum en álíka stór hluti (30–33%) nema og kennara taldi að 21–40 manna hópar væru bestir. Tæpur fimmtungur bæði nemenda og kennara fannst best ef hópar voru minni.

Það sem skipti hugsanlega meira máli en hópastærðin var hlutfall þeirra nemenda sem voru í fjarnámi annars vegar og staðnámi hins vegar en það skipti máli þar sem misvægi í stærð hópa gat haft mikil áhrif á hvernig gekk að halda uppi reglubundinni staðkennslu. Ef staðnáms- hópur var öflugur gekk staðkennslan vel en þá gat sú staða komið upp að fjarnemum fyndist þeir verða útundan og gleymast. Ef staðnáms hópurinn var lítill voru námskeið kennd með fjarkennslusniði, (þ.e. kennsla á netinu með tveimur staðlotum) og þá fannst staðnemum þeir vera sviknir þar sem þeir höfðu valið sér að vera í reglubundnu staðnámi. Það virðist vera vandasamt að finna leiðir til að sameina kennslu þessara hópa sem hafa valið ólík námsform og hafa væntingar til kennslu í samræmi við það.



Í samkenndu staðnema og fjarnema er mikilvægt að átta sig á að kennaranemarnir í hverju námskeiði eru í ólíkri stöðu en Menntavísindasvið hefur skuldbundið sig til að veita menntun bæði þeim sem hafa valið sér fjarnámsform og þeim sem hafa valið sér staðnámsform. Í viðtölum við kennara kom fram að sumum kennurum finnst það ekki skipta máli að vita hvort kennaranemar eru starfandi við kenndu. Einn viðmælenda taldi að við skipulag kennaranáms væri gengið út frá því að það væri nám til undirbúnings kenndu og því væri ekki hægt að taka mið af því í skipulagi þótt sumir kennaranemar hefðu reynslu eða störfuðu við kenndu. Það væri auk þess stundum til trafala þar sem þeir nemar vildu ekki læra neitt nýtt, heldur halda sig við þá starfshætti sem þeir hefðu vanið sig á sem leiðbeinendur. Annar sagði að það væri betra að vita ekki hvort nemar væru að kenna þar sem ekki væri gert ráð fyrir að vettvangsnám væri skipulagt með hliðsjón af því. Þetta bendir til að ákveðin hætta sé á að með samkennduforminu horfi kennarar framhjá því að nemendur eru í ólíkri stöðu þar sem sumir hafa kosið að stunda hefðbundið staðnám en aðrir hafa kosið fjarnámsformið. Það er þá á ábyrgð stofnunarinnar sem komið hefur samkenndunni á fót að finna, í samvinnu við kennara og nemendur, leiðir til að þróa kennduhætti áfram hvort sem haldið verður áfram með þetta form eða aðrar leiðir fundnar.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að reynslan af samkenndunni fyrsta árið hefur verið blendin og að flestum finnst að hún sé síðra fyrirkomulag. Margir fjarnemar töldu að þeim væri verr sinnt í samkennduforminu og staðnemar höfðu áhyggjur af því að tímum í staðnámi fækkaði. Kennarar taka undir þetta og áhyggjuefni margra kennara var lítil virkni fjarnema. Niðurstöður af mati nema og kennara á kostum og göllum samkennduformsins benda til að vaxtarverkir séu þó nokkuð miklir og bæði kennara og nemar lýsa fleiri ókostum en kostum á samkenndunni miðað við kenndu í aðskildum hópum staðnema og fjarnema. Þetta hlýtur að vekja spurningar um hvort það sé þrátt fyrir allt einhvers virði og þá kemur að umræðunni um þann sparnað sem af fyrirkomulaginu hefur hlotist.

Sparnaður vegna samkenndu skólaárið 2010–2011 varð töluverður en ekki eins mikill og stjórnendur höfðu gert ráð fyrir. Þó var um að ræða 22,6% samdrátt í vinnutímamagni, í þeim 32 námskeiðum sem hefðu verið kennd aðskilin fyrir reglubreytinguna, sem hlýtur að teljast umtalsvert. Það má því reikna með að það verði þungur róður ef vilji er til að hverfa aftur til fyrra fyrirkomulags. En það er líka rétt að vekja athygli á því að þrátt fyrir allt töldu bæði kennarar og nemendur sem þátt tóku í rannsókninni að þróa beri samkenndu áfram en þá með allnokkrum breytingum.

## Heimildir

- Allen, I. E. og Seaman, J. (2011). *Going the distance: Online education in the United States 2011*. Needham, MA: Babson Survey Research Group & Quahog Research Group. Sótt 15. júlí 2011 af [http://sloanconsortium.org/publications/survey/going\\_distance\\_2011](http://sloanconsortium.org/publications/survey/going_distance_2011)
- Auður Kristinsdóttir, Ásrún Matthíasdóttir og M. Allyson Macdonald. (2001). *Úttekt á fjarkennslu við Kennaraháskóla Íslands*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun KHÍ. Sótt 13. apríl 2012 af <https://notendur.hi.is/allyson/fjarkennslaskyrslanetutgafa.pdf>
- Guðrún Geirsdóttir, Harpa Pálmadóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Sólveig Jakobsdóttir, Þorvaldur Pálmason og Þuríður Jóhannsdóttir. (2007). *Mótun stefnu í fjarkennslumálum hins sameinaða háskóla – Lokaskýrsla verkefnishóps*. Reykjavík, Iceland: Kennaraháskóli Íslands, Háskóli Íslands. Sótt 13. apríl 2012 af [http://www.hi.is/files/asset/stjornsysla/kennslusvid/kennslumidstod/071116\\_verkefnis\\_hopur\\_um\\_fjarnam\\_lokaskyrsla.pdf](http://www.hi.is/files/asset/stjornsysla/kennslusvid/kennslumidstod/071116_verkefnis_hopur_um_fjarnam_lokaskyrsla.pdf)
- Háskóli Íslands. (2011). *Stefna Háskóla Íslands 2011–2016*. Sótt 17. apríl 2012 af [http://www.hi.is/files/Stefna\\_HI\\_A4\\_net.pdf](http://www.hi.is/files/Stefna_HI_A4_net.pdf)
- Jakobsdóttir, S. (2008). The role of campus-sessions and face-to-face meetings in distance education. *European Journal of Open, Distance and E-Learning*, 2008(II). Sótt 13. apríl 2012 af <http://www.eurodl.org/materials/contrib/2008/Jakobsdottir.htm>
- Jakobsdóttir, S. og Jóhannsdóttir, T. (2010a). Merging online and "traditional" courses and student groups: A "natural" trend or a temporary tactic - why and how? Í A. Tait og A. Szucs (Ritstj.), *Media inspirations for learning: What makes the impact? EDEN 2010 Annual conference book of abstracts* (bls. Skjal F6/129 (á geisladiski)). Budapest: European Distance and E-Learning Network.
- Jakobsdóttir, S. og Jóhannsdóttir, T. (2010b, Júní). *Merging online and "traditional" courses and student groups: a natural trend or a temporary tactic – why and how?* Erindi var flutt á EDEN Valencia, Spánn.
- Jakobsdóttir, S. og Jóhannsdóttir, T. (2011). Expansion in e-learning: online technologies enabling access to the upper secondary level for a more diverse student group. Í A. Gaskell, R. Mills og A. Tait (Ritstj.), *The fourteenth Cambridge International Conference on Open, Distance and E-Learning 2011: Internationalisation and social justice: the role of open, distance and e-learning* (bls. 84–92). Milton Keynes, UK: The Open University Sótt 13. apríl 2012 af <http://www2.open.ac.uk/r06/conference/papers/authorsStoZ&Workshops.pdf>
- Jóhannsdóttir, T. og Skjelmo, R. (2004). Flexibility and responsibility in teacher education: experiences and possibilities in Iceland and North Norway. Í L. Pekkala, W. Greller, A. Krylov, L. Kullerud, S. Mýrdal, O. Snellman og J. Spence (Ritstj.), *On top of It. Overcoming the challenges of ICT and distance education in the Arctic* (bls. 85–98). Rovaniemi: University of the Arctic Press and University of Lapland, Faculty of Education.
- Jóhannsdóttir, T. J. (2010). *Teacher education and school-based distance learning: individual and systemic development in schools and a teacher education programme*. Óbirt doktorsritgerð, University of Iceland, Reykjavík. Sótt 23. apríl 2012 af <http://hdl.handle.net/1946/7119>
- Kennaraháskóli Íslands. (2003). *Ársskýrsla 2002*.
- Kennaraháskóli Íslands. (2004). *Stefna Kennaraháskóla Íslands 2005–2010*.
- Kennaraháskóli Íslands. (2008). *Ársskýrsla 2007*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands. Sótt 13. apríl 2012 af <http://www.hi.is/files/skjol/menntavisingasvid/arsskyrsla2007.pdf>

- Lára Stefánsdóttir og Sigurjón Mýrdal. (1993). Fjarkennsla um tölvunet. *Uppeldi og menntun*, 2, 121–130. Sótt 13. apríl 2012 af [http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?pageId=4847714](http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=4847714)
- Rósa Harðardóttir. (2011). *Samkennsla fjar- og staðnema: Könnun á viðhorfum nemenda í grunnnámi á Menntavísindasviði Háskóla Íslands*. Óbirt lokaritgerð í áfanganum Fjarnám og -kennsla vorið 2011.
- Sigurður Jónsson. (2009). *Staða fjarkennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands* (Óbirt skýrsla). Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
- Sólveig Jakobsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir, Hanna Lilja Valsdóttir, Ingibjörg B. Frímansdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir. (2008). *Fjarnám við Kennaraháskóla Íslands: Skipulag á staðlotum og leiðir til að draga úr brottfalli* (Nr. ISBN 978-9979-793-88-5). Reykjavík: Símenntun – Rannsóknir – Ráðgjöf Kennaraháskóla Íslands. Sótt 13. apríl 2012 af <http://www.hi.is/files/skjol/menntavisindasvid/fjarnamsskyrsla.pdf>
- Sólveig Jakobsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir. (2010). *Úttekt á fjarkennslu í framhaldsskólum*. Reykjavík: RANNUM og SRR Háskóla Íslands. Sótt 13. apríl 2012 af [http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/17FA42CC5B0EA1D6002577960047E5BB/Attachment/fjarnam\\_uttekt\\_2010.pdf](http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/17FA42CC5B0EA1D6002577960047E5BB/Attachment/fjarnam_uttekt_2010.pdf)
- Þuríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir. (2010a). Samkennsla staðnema og fjarnema á Menntavísindasviði HÍ, *Menntakvika*. Reykjavík.
- Þuríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir. (2010b). Þróun samkennslu staðnema og fjarnema á Menntavísindasviði Háskóla Íslands: rannsóknar- og þróunarverkefni í deiglu. *Netla – veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 13. apríl 2012 af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/030.pdf>
- Þuríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir. (2011a, 18. október). *Samkennsla stað- og fjarnema við Kennaradeild MVS – viðhorf og reynsla nemenda og kennara*. Erindi var flutt á nestisspjalli á vegum Kennsluráðs Menntavísindasviðs HÍ Reykjavík.
- Þuríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir. (2011b). Samkennsla stað- og fjarnema við Menntavísindasvið Háskóla Íslands: Reynsla og viðhorf kennara og nemenda – togstreita og tækifæri. *Netla - veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 13. apríl 2012 af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/033.pdf>